


**BÁRA HULD SIGFÚSDÓTTIR**

*Kenndi stærðfræði og ensku á Indlandi*

á ferðinni

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

**ÓSKAR PÁLL SVEINSSON**

*Is It True? Eurovision-lag áratugarins*

Eurovision-nördar dýrka silfurlagið

FÓLK 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. október 2009 — 243. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



### Landsbjörg tíu ára

Starfsemi Slysavarnafélagsins Landsbjargar byggist á framlagi sjálfboðaliða.

TÍMAMÓT 18

### Bókhneigður innbrotsþjófur

Brotist var inn hjá bókaútgáfunni Bjarti og þýðingu á nýrri bók Dans Brown stolið.

FÓLK 22





### Veigar með sigurmarkið

Ísland vann 1-0 sigur á liði Suður-Afríku í Laugardalnum í gær.

ÍÞRÓTTIR 21




## VEÐRIÐ Í DAG




**HVESSIR** Í dag verða sunnan og síðar suðvestan 8-15 m/s, hvassast á annesjum vestan til. Hvassviðri vestan og norðvestan til í kvöld. Rigning eða skúrir en úrkomulítið norðan og austan til. Hiti 8-14 stig.

VEÐUR 4



**HAUSTLITIR** Þótt það hausti snemma á Íslandi endar sumarið líka í öðrum heimshlutum. Þessar stúlkur nutu haustlitanna í almenningsgarði í Minsk í Hvíta-Rússlandi í gær þrátt fyrir rigninguna. NORDICPHOTOS/AFP

# Hjúkrunarrými fyrir níu milljarða

**Ríkisstjórnin hefur heimilað félags- og tryggingamálaráðherra að vinna að hugmyndum um byggingu 361 hjúkrunarrýmis. Stefnt að því að fjármagna verkefnið með 100% lánum til 40 ára úr Íbúðalánasjóði.**

**FRAMKVÆMDIR** Ríkisstjórnin samþykkti í gær að heimila Árna Páli Árnasyni, félags- og tryggingamálaráðherra, að vinna að hugmyndum um byggingu 361 hjúkrunarrýmis fyrir aldraða á árunum 2010 til 2012. Að sögn Árna Páls yrði kostnaður við verkefnið um níu milljarðar króna.

Framkvæmdirnar verða fjármagnaðar úr Íbúðalánasjóði en breyta þarf lögum til að heimila sjóðnum að veita 100 prósenta lán til byggingar hjúkrunarheimila með fjörutíu ára lánstíma og 4,6 prósenta vöxtum. Lögum um Framkvæmdasjóði aldraðra yrði einnig breytt þannig að árin 2012 og 2013 greiði framkvæmdasjóðurinn rekstrar- og leigukostnað þannig að aukinn rekstrarkostnaður falli ekki á ríkissjóð fyrr en 2014.

Forsenda þess að lánað verði til framkvæmda er að hlutaðeigandi sveitarfélag hafi gert samning við fjármála- og félagsmálaráðuneytið um leigugreiðslur til fjörutíu ára. Árni Páll sagði stefnt að því að Framkvæmdasjóður gæti létt undir með sveitarfélögunum hvað varðar þeirra kostnað fyrstu árin.

Alls verða 224 af hjúkrunarrýmunum 361 byggð í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur.

Um 200 rými á að taka í notkun í staðinn fyrir fjölbýlisrými, þannig að af þessum 361 verða um 160 ný hjúkrunarrými.

Árni Páll sagði að ríkisstjórnin hefði í gær falið honum að vinna að frekari útfærslu málsins í samstarfi við fjármálaráðherra og leita samninga við sveitarfélög. Markmiðið er að framkvæmdir við nýbyggingar geti hafist sem fyrst. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp um nauðsynlegar lagabreytingar strax á næstu vikum.

„Það er mikilvægt að horfa til framtíðar á krepputímum," sagði Árni Páll. „Ef við getum fundið leið til þess að gera þetta núna án þess að það leiði til aukaútgjalda fyrir ríkissjóð á þessum tíma við fram til 2014 eigum við tvímælalaust að ráðast í þetta verkefni."

- pg

**HJÚKRUNARRÝMI SEM BYGGJA Á 2010-2012**

| Sveitarfélag | Rými |
|---|---|
| Akureyri | 45 |
| Borgarbyggð | 32 |
| Fljótdalshérað | 30 |
| Garðabær | 60 |
| Hafnarfjörður | 60 |
| Kópavogur | 44 |
| Reykjanesbær | 30 |
| Mosfellsbær | 30 |
| Seltjarnarnes | 30 |
| **Alls** | **361** |

> Það er mikilvægt að horfa til framtíðar á krepputímum.
>
> ÁRNI PÁLL ÁRNASON
> FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐHERRA

Sprenging í kvennaboltanum í Reykjavík:

## Flykkjast í fótboltann

**REYKJAVÍK** Æ fleiri stúlkur æfa nú fótbolta í Reykjavík og hefur þeim fjölgað til muna undanfarin ár. Frímann A. Frímannsson, formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur, segir mun fleiri stúlknalið taka þátt í mótum í Reykjavík. Það sýni að mikil aukning sé í kvennaboltanum.

Frímann segir ekki ólíklegt að góður árangur kvennalandsliðsins eigi sinn þátt í því. Þá sé kvennaboltinn kominn með sínar stjörnur, svo sem Margréti Láru, sem stelpurnar líti upp til.

Kjartan Magnússon, formaður Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur, segir öll stóru félögin í Reykjavík nú eiga gervigrasvelli sem nýtist vel í kvennaboltanum. „Hringnum var lokað með Víkingsvellinum í haust og svo fékk Þróttur nýtt gervigras. Það hefur verið mikil aukning í stelpuboltanum og mörg lið voru ekkert að auglýsa hann þar sem aðstaðan var ekki nógu góð. En staðan er mun betri nú."

- kóp



**Í LAUGARDAL** Stelpurnar í Þrótti njóta nýja gervigrassins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gera myndband á Íslandi:

## Westlife mæta

**FÓLK Írska strákasveitin Westlife er væntanleg til landsins um helgina í þeim erindagjörðum að taka upp myndband. Sveitin hyggst gefa út breiðskífu í lok næsta mánaðar en hún hefur notið mikilla vinsælda í Bretlandi undanfarin áratug. Westlife fetar þar með í fótspor annarrar strákasveitar, Take That, sem kom hingað fyrir þremur árum og gerði myndband við Reykjanesvita.**

- fgg / sjá síðu 26









## SPURNING DAGSINS



*Níels, leggur þú mat á siðferði?*

„Já, ég vil koma því á hvers manns disk.“

Níels S. Olgeirsson, formaður Matvæla- og veitingafélags Íslands, segir mikilvægt að bæta siðferði í veitingageiranum.

Bjarni Benediktsson telur uppgjör eigna Landsbankans ekki veigamikið í Icesave:

# Vaxtabyrðin vegur þyngst

**ALÞINGI** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir að meginskuldbinding Íslands í Icesave-málinu liggi í vaxtabyrðinni. Þess vegna skipti ekki öllu máli hvort áttatíu eða níutíu prósent fáist upp í forgangskröfur gamla Landsbankans.

Samkomulag um uppgjör á eignum og skuldum vegna skiptingar Landsbankans var kynnt á mánudag. Með því er talið að eignir bankans standi undir níutíu prósentum af forgangskröfum í bankann en þar ber Icesave-skuldir hæst.

Á þingi í gær fagnaði Bjarni þeim málalyktum en bað um leið fjármálaráðherra að útskýra nokkur atriði málsins, meðal annars hvort nýtt virðismat á eigum Landsbankans hefði einhverja þýðingu fyrir skuldbindingar ríkisins í Icesave-málinu.



BJARNI BENEDIKTSSON



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Steingrímur J. Sigfússon kvað það að sjálfsögðu skipta máli að sem minnst stæði eftir af höfuðstól Icesave-skuldarinnar.

Bjarni sagði það svo sem rétt en ekki mætti gleyma að meginþorri skuldbindinganna væri vaxtakostnaður.

„Það skiptir ekki öllu þó að það hafi auðvitað jákvæð áhrif að áttatíu prósent eða níutíu prósent endurheimtist vegna þess að skuldbindingin sem við munum fjalla um hér og höfum verið með til umfjöllunar liggur öll í vaxtakostnaðinum.“ - bþs

Ekki enn komið svar að utan:

# Svars að vænta um Icesave

**EFNAHAGSMÁL** Ekki hafði enn borist svar frá Bretum og Hollendingum við samningstilboði Íslendinga vegna Icesave þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra átti þó alveg eins von á svari í gærkvöldi eða í dag.

Hinn 23. október falla Icesave-skuldirnar á íslenska innistæðusjóðinn. Steingrímur segir ekki nauðsynlegt að ljúka málinu endanlega fyrir þann tíma, en það verði að vera komið vel áleiðis. „Ég hef minni áhyggjur ef þá liggur fyrir efnislegt samkomulag beggja aðila.“ - kóp

Norska Nóbelsnefndin:

# Obama hefur víst gert mikið

**NOREGUR, AP** Norska Nóbelsnefndin brá í gær út af vana sínum og varði hina umdeildu ákvörðun að veita Barack Obama Bandaríkjaforseta friðarverðlaun.



THORBJÖRN JAGLAND

„Við erum einfaldlega ósammála því að hann hafi ekki gert neitt. Hann fékk verðlaunin fyrir það sem hann hefur komið til leiðar,“ sagði Thorbjörn Jagland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs, sem er formaður nefndarinnar.

Hann segir að Obama hafi meðal annars boðið múslimum sáttahönd og breytt áformum Bush-stjórnarinnar um eldflaugavarnir í Evrópu. - gb

Breytingar á nefndaskipan VG:

# Ögmundur í fjórar nefndir

**ALÞINGI Í kjölfar afsagnar Ögmundar Jónassonar úr ríkisstjórn og skipan Álfheiðar Ingadóttur í ráðherraembætti hefur þingflokkur VG hrókerað sínu fólki í fastanefndum Alþingis.**



ÖGMUNDUR JÓNASSON

**Ögmundur sest í fjórar nefndir: efnahags- og skattanefnd, sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, umhverfisnefnd og utanríkismálanefnd.**

**Ýmsar tilfærslur aðrar fylgja hrókeringum auk þess sem Árni Þór Sigurðsson verður varaformaður þingflokksins í stað Álfheiðar.** - bþs

# Stefnt getur í neyðarástand á gjörgæslu

**Ekki þurfa margir sjúklingar með svínaflensu að bætast við á gjörgæslu Landspítalans til að þar skapist algjört neyðarástand, segir Þórólfur Guðnason, starfandi sóttvarnalæknir. Á spítalanum eru aðeins þrjár hjarta- og lungnavélar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ef ekki tekst að hindra útbreiðslu svínaflensunnar með bólusetningu getur það raskað starfsemi Landspítalans. Þar eru til þrjár hjarta- og lungnavélar, en allmargar öndunarvélar að auki. Þetta segir Þórólfur Guðnason starfandi sóttvarnalæknir.

„Það þurfa ekki mörg tilfelli að bætast við, til að mynda á gjörgæslu spítalans, sem þurfa öndunarvélaraðstoð eða slíkt, til þess að skapa algjört neyðarástand. Það má ekki gleyma því að þar inn koma fleiri, sem lent hafa í slysum eða veikindum og þurfa bráðaaðstoð. Skilaboðin hingað frá Nýja-Sjálandi og Ástralíu segja að við megum búast við því að fá marga sem þurfa á hjarta- og lungnavélum að halda. Það er þeirra reynsla.“

Þórólfur undirstrikar að það sé því mjög mikilvægt að heilbrigðisstarfsmenn sem annast veikt fólk láti bólusetja sig.

„Til þess eru þrjár ástæður. Í fyrsta lagi þarf að vernda sjúklinga gegn því að starfsmenn beri smit á milli. Í öðru lagi er bólusetning nauðsynleg til þess að starfsmennirnir veikist ekki sjálfir og geti sinnt störfum sínum sem eru svo mikilvæg. Í þriðja lagi þarf fólk að vernda fjölskyldur sínar með því að bera ekki smit frá spítalanum heim til sín.“

Þórólfur minnir á að svínaflensan sé viðbót við það sem hvílir á spítalanum frá degi til dags.

„Eins og fram hefur komið í fréttum hefur sjúkrahúskerfið ekki mikið aukapláss hvað varðar tæki, húsnæði og starfsmenn til að takast á við mikil vandamál aukalega. Ef almenningur trassar að láta bólusetja sig, faraldurinn breiðist verulega út og innlögnum fjölgar mikið gæti það þýtt að senda þyrfti fólk af spítalanum og stöðva einhverja starfsemi. Þetta gæti valdið gríðarlegri röskun, meðal annars fyrir aðra sjúklinga.“

Þórólfur segir svínaflensuna breiðast hratt út, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Tölur dagsins sýni að tilfellum fjölgi ört. jss@frettabladid.is



**LANDSPÍTALINN** Ef almenningur trassar að láta bólusetja sig, faraldurinn breiðist verulega út og innlögnum fjölgar mikið gæti það þýtt að senda þyrfti fólk af spítalanum og stöðva einhverja starfsemi, segir starfandi sóttvarnalæknir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ÞÚSUNDIR LÁTIST

Að minnsta kosti 4.700 manns hafa látist af völdum svínaflensu í heiminum, að því er fram kemur á vefsíðu Evrópsku sóttvarnastofnunarinnar. Langflestir hafa látist í Suður-Ameríku eða 2.164 manns. Í Evrópu- og EFTA-löndum hafa 204 dáið af völdum svínaflensunnar.

Tölfræði yfir þá sem veikst hafa er ekki lengur fyrir hendi, því stofnunin hefur hætt samantekt þar sem heilbrigðisyfirvöld flestra Evrópulanda mæla nú aðeins með sýnatöku til staðfestingar flensunni úr tilteknum áhættuhópum.

### FJÖLDI DAUÐSFALLA
til 13. október 2009

| Svæði | Fjöldi |
|---|---|
| Evrópa | 204 |
| Mið-Austurlönd | 143 |
| Afríka | 104 |
| Ameríka | 3.233 |
| Asía | 806 |
| Eyjaálfa | 209 |
| **Samtals** | **4.699** |

## ÁSTÆÐA SEINKUNAR BÓLUEFNIS

Ástæða þess að bóluefni gegn svínaflensu kemur mánuði síðar til landsins en búist hafði verið við er sú að mun hægara gekk að láta veiruna vaxa í hænueggjum en búist hafði verið við, samkvæmt upplýsingum starfandi sóttvarnalæknis.

Veiran er ræktuð í eggjum og þarf að vaxa þar til að hægt sé að framleiða bóluefnið.

Fyrsta sendingin kemur hingað til lands á morgun.



**AMFETAMÍN** Tollverðir fundu metamfetamín í farangri konunnar.

Kona á þrítugsaldri:

# Með fíkniefni í fjórum dósum

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur höfðað mál á hendur litháískri konu á þrítugsaldri fyrir tilraun til stórfellds fíkniefnasmygls.**

**Konan kom með rúmlega 836 grömm af metamfetamíni til landsins 13. september. Metamfetamín er yfirleitt sterkara en amfetamín. Fíkniefnin flutti hún með flugi til Íslands frá Danmörku. Tollverðir fundu efnin falin í fjórum niðursuðudósum í farangri hennar við komu hennar til Keflavíkurflugvallar. Í ákæru segir að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar í ágóðaskyni hér á landi.** - jss

Meintur smyglari í haldi:

# Áfram í gæslu vegna fíkniefna

**DÓMSMÁL** Gæsluvarðhald yfir Gunnari Viðari Árnasyni, sem grunaður er um stórfellt fíkniefnasmygl til landsins, hefur verið framlengt þar til dómur gengur í máli hans. Gunnar hefur verið ákærður fyrir að flytja til landsins rúm sex kíló af amfetamíni í hraðsendingu í apríl síðastliðnum.

Hæstiréttur hefur staðfest þennan úrskurð héraðsdóms. Varðhaldið nær þó ekki lengra en til 5. nóvember.

Aðalmeðferð í máli Gunnars Viðars fer fram á föstudag, og munu meintir vitorðsmenn hans í Hollandi gefa þar símaskýrslu. - sh




Plagg sem Lundteigen skrifar undir tekur af allan vafa um lán Norðmanna:

# Lán Norðmanna háð AGS

**EFNAHAGSMÁL** Í erindi norsku fjárlaganefndarinnar til Stórþingsins kemur skýrt fram að lán til Íslendinga haldist í hendur við afgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á málefnum þjóðarinnar. Þá verði Íslendingar að standa við sínar alþjóðlegu skuldbindingar og fara eftir regluverki Evrópusambandsins um fjármál.

Undir þetta plagg rita formaður nefndarinnar, Reidar Sandal, og talsmaður hennar, Per Olaf Lundteigen. Sá síðarnefndi er þingmaður norska Miðflokksins og það var ekki síst eftir samtal við hann að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, og Höskuldur Þórhallsson þingmaður héldu til Noregs til að kanna möguleika á lánalínu fyrir Íslendinga.

Þeir Lundteigen og Sandal rita undir skjalið 5. maí. Í því er norska fjármálaráðuneytinu veitt heimild til að veita ríkisábyrgð á aðstoð til Íslendinga fyrir 675 milljónir norskra króna. Þar segir:

„Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa sett að skilyrði fyrir láninu að Ísland fylgi þeirri efnahagsáætlun sem náðst hefur samkomulag við AGS um og að áfangar hennar verði samþykktir í stjórn AGS. Í því felst að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar, þar með talið innlánstryggingaskuldbindingar, samkvæmt regluverki Evrópusambandsins og að Ísland ráðist í nauðsynlega styrkingu opinbers fjármálakerfis og íslensks efnahags.“ - kóp



**STÓRÞINGIÐ** Fjárlaganefnd norska Stórþingsins tók af allan vafa í maí um að aðstoð við Ísland væri háð því að landið stæði við alþjóðlegar skuldbindingar sínar.


LEIFUR „HEPPNI“ EIRÍKSSON
Frægasti landkönnuður Íslendinga. Leifur heppni komst að ströndum Ameríku mörgum öldum á undan Kristófer Kólumbusi.
31
VÖRÐUR
HEIMILISVERND
Einföld trygging fyrir þá sem fara ótroðnar slóðir
Hringdu í 514 1000 eða farðu inn á vörður.is til að fá frekari vitneskju og tilboð í Heimilisvernd Varðar sem meðal annars inniheldur ferða- og farangurstryggingu.
EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF
vörður

## GENGIÐ 13.10.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,05 | 124,65 |
| Sterlingspund | 196,02 | 196,98 |
| Evra | 183,9 | 184,92 |
| Dönsk króna | 24,700 | 24,844 |
| Norsk króna | 22,092 | 22,222 |
| Sænsk króna | 17,744 | 17,848 |
| Japanskt jen | 1,384 | 1,392 |
| SDR | 196,89 | 198,07 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

236,0183

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rússar ósammála Bandaríkjamönnum um viðbrögð við kjarnorkuáætlun Írana:

# Telja refsiaðgerðir gagnslausar

**RÚSSLAND, AP** Hillary Clinton tókst ekki að fá rússnesk stjórnvöld til þess að standa að sameiginlegum hótunum um refsiaðgerðir gegn Íran. Rússar eru þó sammála Bandaríkjamönnum um að Íranar eigi ekki að fá að koma sér upp kjarnorkuvopnum, en þeir telja refsiaðgerðir ekki þjóna tilgangi núna.

„Sem stendur á að beina öllum krafti að því að styðja samningaviðræður,“ sagði Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, á sameiginlegum blaðamannafundi með Clinton í Moskvu í gær. „Hótanir, refsiaðgerðir og hótanir um að beita þrýstingi í núverandi stöðu, myndu að okkar mati gera illt verra.“

Hillary Clinton kom til Moskvu í gær. Hún segist ekki hafa beðið Lavrov um stuðning við refsiaðgerðir, en engu að síður sögðust Bandaríkjamenn hafa orðið fyrir vonbrigðum með yfirlýsingar Rússa. Hún sagðist þó sammála Lavrov um mikilvægi samningaviðræðna.

Síðar um daginn hitti hún Dmitrí Medvedev, forseta Rússlands. Vladimír Pútín forseti var hins vegar staddur í Kína í gær þar sem hann undirritaði stóran orkusamning við kínversk stjórnvöld. **- gb**



**HILLARY CLINTON OG SERGEI LAVROV** Utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Rússlands á fundi í Moskvu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tilraun með lífrænan slátt:

## Fyrst prófað á Fljótsdalshéraði

**UMHVERFISMÁL** Tilraun með að nota húsdýr til að spara kostnað og minnka neikvæð umhverfisáhrif af grasslætti var gerð síðasta sumar á Fljótsdalshéraði, og gaf góða raun.

Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að gera ætti tilraun með að beita sauðfé og hrossum á græn svæði í og við Ísafjarðarbæ næsta sumar.

Í frétt frá Fljótsdalshéraði segir að slík tilraun hafi þegar verið gerð á einu svæði í síðasta sumar. Þar hafi hestar séð um að halda grasinu í skefjum með góðum árangri, og vakið mikla ánægju ferðamanna. **- bj**



**MIRCEA GEOANA** Leiðtogi Sósíaldemókrata fagnar niðurstöðu þingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rúmeníustjórn fallin:

## Kreppan varð stjórn að falli

**RÚMENÍA, AP** Rúmeníustjórn missti þingmeirihluta sinn í gær þegar vantrauststillaga á stjórnina var samþykkt. Meirihluti þingmanna telur að stjórninni hafi ekki tekist að koma landinu út úr efnahagskreppunni.

Emil Boc forsætisráðherra segist þó aðeins hafa tapað einni orrustu en ekki stríðinu. Hann sakar þingmennina um að hafa látið stjórnast af ótta við að missa vel útilátin lífeyrisréttindi, verði umbótafrumvarp stjórnarinnar í þeim málum að lögum.

Staða stjórnarinnar á þingi veiktist í síðustu viku þegar Sósíaldemókratar gengu úr henni. **- gb**

### ATHUGASEMD

Þau leiðu mistök urðu í blaði gærdagsins að ummæli sem höfð voru eftir íslenskum listamanni í Feneyjum voru notuð í fyrirsögn. Var þar um að ræða óviðurkvæmilegt grín á kostnað einhverfra. Beðist er velvirðingar á þessu.

### LEIÐRÉTT

Ranglega var farið með nafn Þórólfs Guðnasonar, staðgengils sóttvarnalæknis í frétt blaðsins í gær.

Í frétt um teiknimynd um kynferðisofbeldi í blaðinu í gær var Sunna Björk Mogensen rangnefnd. Þá láðist að geta þess að Háskólinn í Reykjavík er stærsti styrktaraðili verkefnisins.

# Óþarfi að slá alla umræðu út af borðinu

**Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands segist ekki vilja deila við forsvarsmenn lífeyrissjóðanna. Hann segir ekkert hafa komið fram sem sýni fram á að lífeyrissjóðirnir geti ekki komið að lausn Icesave-deilunnar með láni til ríkisins.**

**EFNAHAGSMÁL** „Það sem við erum að reyna að gera er að velta upp mögulegum leiðum að lausnum,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, um þá hugmynd að lífeyrissjóðirnir komi að lausn Icesave-deilunnar með láni til ríkisins.

Finnur segist ekki vilja deila við Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóra Landssambands lífeyrissjóða, heldur velta upp hugmyndum að mögulegri þátttöku lífeyrissjóðanna í því endurreisnarstarfi sem fram undan sé.

Í Fréttablaðinu í gær sagði Hrafn að hugmynd Viðskiptaráðs væri „alveg galin“. Hann sagði að hugmyndin þýddi að það yrði gegnumstreymi í lífeyrissjóðunum, áhættan myndi stóraukast og mögulega þyrfti að skerða réttindi sjóðfélaga. Raunveruleg hætta yrði á því að lífeyrissjóðirnir yrðu þjóðnýttir. Þá skipti miklu fyrir lífeyrissjóðina að vera með hluta eigna sinna erlendis.

„Það er óþarfi að slá alla umræðu út af borðinu,“ segir Finnur. „Við tökum fram að þetta dregur úr áhættudreifingu lífeyrissjóðanna. Í þessari aðgerð þarf ekki endilega að felast einhver breyting á því að hluti eignanna verði raunverulega erlendur þar sem eignasafn Landsbankans er erlent eignasafn. Það yrði lagt til grundvallar við endurheimtur þessa láns. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir að lífeyrissjóðirnir fái safnið á sanngjörnu verði og sjái síðan sjálfir um að hámarka virði þess.“

Finnur segist ekki sjá að með þessu verði lífeyrissjóðunum breytt í gegnumstreymiskerfi. „Þetta er ekki breyting í þá átt frekar en kaup lífeyrissjóðanna á ríkisskuldabréfum og skuldabréfum Íbúðalánasjóðs.“

„Aðalatriðið er að í þessu óhefðbundna ástandi opnum við á umræðu um óhefðbundnar leiðir. Það er ekkert sem hefur komið fram sem sýnir fram á að þessi leið sé ekki þess virði að skoða hana.“

Ólafi Ísleifssyni, lektor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík, líst ekki vel á hugmynd Viðskiptaráðs. „Þetta er mjög varhugavert,“ segir Ólafur. „Sjóðirnir þurfa að gæta hagsmuna sinna sjóðsfélaga. Það sem varð þeim til bjargar voru þeirra erlendu eignir sem eru þeim ákveðið haldreipi.“

**trausti@frettabladid.is**




**ICESAVE-MÓTMÆLI** Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs segir mikilvægt að opnað sé á umræðu um óhefðbundnar leiðir í því óhefðbundna ástandi sem nú ríkir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### SLÆR MIG AFSKAPLEGA ILLA



**GYLFI MAGNÚSSON**

„Þetta hefur ekki verið rætt í ríkisstjórninni og að ég held bara ekkert í stjórnsýslunni,“ segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra um þá hugmynd Viðskiptaráðs Íslands að lífeyrissjóðirnir láni ríkinu fyrir Icesave-skuldbindingunum.

„Þetta slær mig afskaplega illa,“ segir Gylfi. „Mér líst ekkert á að vera að hætta stórfé frá lífeyrissjóðunum í þetta. Það liggur fyrir að það er búið að bjóða okkur lán frá Hollandi og Bretlandi sem er á betri kjörum en ég held að lífeyrissjóðirnir gætu sætt sig við að bjóða. Ég fæ því hvorki séð að þetta myndi leysa neinn vanda né að þetta væri réttlætanleg ráðstöfun á fé lífeyrissjóðanna.“

Frumvarp um skuldir heimila:

## Lagt fyrir þingflokkana

**ALÞINGI. Frumvarp Árna Páls Árnasonar, félags- og tryggingamálaráðherra, um aðgerðir til að leiðrétta greiðslubyrði og aðlögun skulda heimilanna verður kynnt þingflokkum ríkisstjórnarflokkanna í dag.**

**Ríkisstjórnin heimilaði framlagningu frumvarpsins á fundi sínum í gær. Áður en því verður dreift á Alþingi þurfa þingflokkar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna að fjalla um frumvarpið og samþykkja framlagningu þess fyrir sitt leyti. -pg**

FME og neytendastofnanir:

## Funduðu um SMS-lán Kredia

**NEYTENDAMÁL** Forvarsmenn og lögmaður Kredia ehf. funduðu í gær með talsmanni neytenda og lögfræðingum frá Neytendastofu og Fjármálaeftirlitinu. Efni fundarins var umdeild smálán á háum vöxtum sem Kredia býður nú í gegnum sms-skilaboð.

Aðspurður segir Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, sem gagnrýnt hefur lán af þessu tagi, fundinn hafa gengið mjög vel. Góður vilji hafi verið af allra hálfu til að meta hvaða úrbóta væri þörf og ráðast í þær. „Það er erfitt að sporna við þessu, því hér ríkir atvinnufrelsi. En ef þetta fer að festa rætur vill maður að þetta verði gert eins vel og faglega og hægt er,“ segir Gísli. **- sh**

### BORGARBYGGÐ

**Vilja menningarfulltrúa**

Menningarnefnd Borgarbyggðar segir að jafnvel þótt sveitarfélagið þurfi að spara sé vanhugsað að fella niður starf menningarfulltrúa sem unnið hafi mikið og gott starf.






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VERSNAR MEÐ KVÖLDINU**

Það er rétt að vekja athygli á að hægt og rólega hvessir vestanlands eftir því sem líður á daginn og í kvöld má búast við að komið verði hvassviðri með stormhviðum á vestan og norðvestanverðu landinu. Annars staðar verður vindur hægari en almennt verður nokkuð vindasamt á landinu. Framan af morgundeginum verður einnig nokkuð hvasst.



Á MORGUN 8-15 m/s, hvassast norðvestan til.

FÖSTUDAGUR 3-8 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Amsterdam | 11° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 1° |
| Billund | 18° |
| Eindhoven | 11° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 15° |
| New York | 12° |
| Orlando | 32° |
| Osló | 8° |
| París | 14° |
| Róm | 18° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# 15-30% AFSLÁTTUR

## HEITIR & KALDIR Dagar Í OKTÓBER

**15% afsláttur**
á kaffikönnum, hitakönnum og kötlum, brauðristum og grillum, djúpsteikingapottum, hrísgrjónapottum, hægsuðupottum (Slow Cooker) og straujárnum!

**AEG** FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

**30% afsláttur**



**TILBOÐ #1**

- AEG OFN [E-3051-5-M]
- AEG HELLUBORÐ [66030 K-M]
- AEG VEGGHÁFUR [8060-D-M]

LISTAVERÐ: 235.700,-

**TILBOÐSVERÐ: 164.900,-**

**ÞÚ SPARAR 70.800,- kr.**

≈3 TÆKI =PAKKA≈ TILBOÐ=

## TILBOÐSPAKKAR Á TÆKJUM Í ELDHÚSIÐ

**ÚRVAL HEIMILISTÆKJA Á TILBOÐSVERÐI**

**AEG RYKSUGUR Á TILBOÐSVERÐI**



**20% AFSLÁTTUR**

EINS OG ÞÆR GERAST **BESTAR**!

**Tefal** POTTAR OG PÖNNUR



**20% AFSLÁTTUR**

Emile Henry Poterie culinaire FRANCE



FRÁBÆR FRÖNSK LEIRVARA

**20% AFSLÁTTUR**



## TILBOÐSVERÐ Á AEG KÆLISKÁPUM, FRYSTISKÁPUM OG FRYSTIKISTUM

**AEG KÆLISKÁPAR / HVÍTIR**

| | | | VERÐ: | TILBOÐ: |
|---|---|---|---|---|
| SANTO 173 TK48 | 152/00L | 85X55X60 | 84,900 | 72,165 |
| SANTO 163 TK4 | 122/18L | 85X55X60 | 78,900 | 67,065 |
| SANTO 60170 TK | 152/00L | 85X60X60 | 84,900 | 72,165 |
| SANTO 70250 KA | 243/00L | 140X60X63 | 132,900 | 112,965 |
| SANTO 60290 KG | 208/61L | 154X60X63,2 | 126,900 | 107,865 |
| SANTO 70300 KA1 | 291/00L | 160X60X64,5 | 165,900 | 141,015 |
| SANTO 70290 DT | 221/70L | 160X60X63 | 146,900 | 124,865 |
| SANTO 60270 KG | 176/82L | 165X60X63 | 147,900 | 125,715 |
| SANTO 70390 KA | 375/00L | 180X60X63 | 199,900 | 169,915 |
| SANTO 60340 KG | 223/93L | 175X60X63 | 146,900 | 124,865 |
| SANTO 71320 KG | 221/82L | 185X60X63 | 182,900 | 155,465 |
| SANTO 75380 KG | 285/78L | 201X60X63 | 196,900 | 167,365 |

**AEG KÆLISKÁPAR / STÁL**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| SANTO 70298DT | 221/70L | 160X60X65 | 187,900 | 159,715 |
| SANTO 70278 KG | 176/86L | 166X60X62,5 | 199,900 | 169,915 |
| SANTO 72398 KA | 335/00L | 180X60X63 | 234,900 | 199,665 |
| SANTO 60346 KG | 223/92L | 175X60X63 | 159,900 | 135,915 |
| SANTO 70408 KG | 285/92L | 201X60X63 | 274,900 | 233,665 |

**AEG FRYSTISKÁPAR / HVÍTIR**

| | | | VERÐ: | TILBOÐ: |
|---|---|---|---|---|
| ARCTIS 70120-GS | 96L | 85X60X63 | 99,900 | 84,915 |
| ARCTIS 60220-GS | 194L | 160X60X63 | 159,900 | 135,915 |
| ARCTIS 75270-GA | 268L | 180X60X63 | 214,900 | 182,665 |

**AEG FRYSTISKÁPAR / STÁL**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ARCTIS 75238-GA | 215L | 180X60X63 | 243,900 | 207,315 |

**AEG FRYSTIKISTUR**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| AEG EL12 | 110L | 86X55X61 | 69,900 | 62,900 |
| AEG EL22 | 215L | 86X72X73 | 112,900 | 101,900 |
| AEG EL35 | 347L | 86X105X73 | 126,900 | 113,900 |
| AEG EL 45 | 447L | 86X130X73 | 133,900 | 119,900 |
| AEG EL53 | 527L | 86X150X73 | 141,900 | 127,900 |
| AEG EL61 | 607L | 86X170X73 | 163,900 | 147,900 |

## KOMIÐ OG GERIÐ FIRNAGÓÐ KAUP!

GÓÐ ÞJÓNUSTA GOTT VERÐ




# ORMSSON

ORMSSON **LÁGMÚLA 8** SÍMI 530 2800
ORMSSON **SMÁRALIND** SÍMI 530 2900
ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535
ORMSSON **MODEL-AKRANESI** SÍMI 431 3333
ORMSSON **ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751
ORMSSON **AKUREYRI** SÍMI 461 5000
ORMSSON **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515
ORMSSON **VÍK-EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038
ORMSSON **PAN-NESKAUPSTAÐ** SÍMI 477 1900
ORMSSON **ÁRVIRKINN-SELFOSSI** SÍMI 480 1160

KJÖRKASSINN



*Hreyfir þú þig reglulega?*

| | |
|---|---|
| Já | 62,1% |
| Nei | 37,9% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Munt þú láta bólusetja þig gegn svínaflensu hafir þú kost á því?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Tunerific-forrit Hugvakans er vinsælasta forritið hjá netverslunum Nokia:

# Gítarstillir seldur til 134 landa

**HUGVIT** Tunerific, gítarstillingarforrit sem þróað var af íslenska sprotafyrirtækinu Hugvakanum, hefur vakið gríðarlega athygli eftir að það var sett á markað síðastliðið sumar. Forritið trónir í efsta sæti hjá Ovi, netverslun finnska símarisans Nokia, og hefur nú dreifst til 134 landa á þessum stutta tíma.

Síðastliðið sumar var gítarstillirinn kynntur til sölu á alþjóðavísu í nýrri verslun finnska símarisans. Gítarstillirinn er þróaður fyrir Nokia-síma og er í dag vinsælasta forrit verslunarinnar. Forritið er síðan langvinsælast allra forrita hjá notendum snertiskjásíma frá Nokia.

Tunerific varð til úr meistaraverkefni Guðmundar Freys Jónassonar í samstarfi við leiðbeinanda hans, Jóhann P. Malmquist prófessor. Þeir reka nú saman sprotafyrirtækið Hugvakann, sem hefur það verkefni að sækja á fleiri markaði og þróa frekari forrit í farsíma.

Meðal næstu skrefa fyrirtækisins er að bjóða Tunerific til sölu í verslun Sony PlayNow og bjóða nýja afurð til sölu í Ovi en það er ukulele-stillir og ukulele-hljómabók. Hugvakinn hefur hlotið stuðning Rannís og Nýsköpunarstöðvar við þróun Tunerific. **- shá**



**GÍTARSTILLIR SÝNDUR** Guðmundur Freyr Jónasson sýnir háskólarektor gítarstillinn þegar skrifað var undir samning vegna verkefnisins.

Fjárdráttur bókara í sendiráði:

# Íslendingur stal tugum milljóna

**LÖGREGLUMÁL** Mál starfsmanns sendiráðs Íslands í Vínarborg í Austurríki sem hefur viðurkennt að hafa dregið sér tugi milljóna króna verður rannsakað af íslenskum lögregluyfirvöldum. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er starfsmaðurinn íslensk kona.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur konan, sem var bókari í sendiráðinu, látið af störfum. Málið er í rannsókn hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Hvorki fengust frekari upplýsingar um rannsóknina í gær hjá lögreglu né hjá utanríkisráðuneytinu. **- bj**







# Veitingamenn neita ásökunum um svik

**Formaður Matvís er krafinn um afsökunarbeiðni vegna fullyrðinga um svarta starfsemi í veitingaþjónustu á Reykjanesi. Hann stendur hins vegar fastur á sínu þótt hann kveðist tilbúinn til að hvítþvo þá sem séu hreinir – ef þeir finnist.**

**VIÐSKIPTI** „Mér finnst eðlilegt að hann biðjist afsökunar,“ segir Steinþór Jónsson á Hótel Keflavík, sem er ósáttur við yfirlýsingar Níelsar S. Olgeirssonar, formanns Matvæla- og veitingafélags Íslands, um meinta svarta starfsemi í veitingageiranum á Suðurnesjum.

Í Fréttablaðinu í gær sagði Níels meðal annars að svo virtist sem það væri regla á Reykjanesi að menn færu ekki að lögum við rekstur veitingahúsa. Margir veitingamenn á svæðinu sem Fréttablaðið ræddi við í gær segja að Níels ætti að biðjast afsökunar á alhæfingum um heilan hóp veitingamanna.

„Okkur finnst ósmekklegt af forsvarsmanni Matvís að þjófkenna heila stétt af fólki sem er að berjast við erfiðar aðstæður,“ segir Einar Bárðarson, sem rekur skemmtistaðinn Officeraklúbbinn á Keflavíkurflugvelli.

Einar og fleiri veitingamenn segjast telja eðlilegt að Níels nafngreini veitingastað á Reykjanesi sem hann sagði í Fréttablaðinu og í eigin félagsblaði, Matvís, að færi ekki að lögum. „Hann virðist mjög argur yfir alvarlegum brotum, sem eru svívirðileg ef rétt reynast, en að fara yfir alla línuna og segja menn vera með svarta peninga er ansi harkalegt og dónaskapur,“ segir Einar og undir það tekur Örn Garðars í Veisluþjónustunni Soho.

„Það þarf að komast á hreint hver þetta er því það er ekki gott að vera bendlaður við þetta,“ segir Örn og fullyrðir að þótt sumir veitingamenn á Suðurnesjum hafi lent í erfiðleikum sé ástandið þar ekki verra en annars staðar.

Steinþór Jónsson segir fullyrðingar Níelsar skelfilegar. „Mér finnst mjög sérstakt að þetta skuli gert af einstaklingi í þessari stöðu. Þetta er ekki í neinum takti við það sem ég þekki. Þessi alhæfing getur ekki átt rétt á sér – það er alveg á kristaltæru.“

Níels kveðst standa við fyrri yfirlýsingar og ætlar ekki að biðjast afsökunar. „Ég held að þetta svæði sé svolítið sýkt af veru varnarliðsins. Þeir hugsa öðruvísi en við. Ég veit að það er vont ef menn liggja allir undir grun. En ef veitingamenn vilja skal ég gera tilraun til þess í næsta Matvísblaði að hvítþvo þá sem eru hreinir – ef þeir finnast,“ segir formaður Matvís. **gar@frettabladid.is**




**FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR** Ásakanir formanns Matvís, Matvæla- og veitingafélags Íslands, í blaði félagsins og Fréttablaðinu um meintan skort á siðferði í veitingastarfsemi vekja litla hrifningu veitingamanna.



EINAR BÁRÐARSON



STEINÞÓR JÓNSSON

> Að fara yfir alla línuna og segja menn vera með svarta peninga er ansi harkalegt og dónaskapur.
>
> **EINAR BÁRÐARSON**
> Í OFFICERAKLÚBBNUM

Ekki færri verið atvinnulausir á þessu ári síðan í janúar:

# Enn dregur úr atvinnuleysi

**ATVINNUMÁL** Dregið hefur úr atvinnuleysi í hverjum mánuði síðan í apríl. Í september voru 7,2 prósent vinnufærra manna án atvinnu, eða 12.145 manns. Það er fækkun um 9,3 prósent að meðaltali frá því í ágúst, eða um 1.242 manns. Á þessu ári hafa ekki færri verið atvinnulausir síðan í janúar, en þá var 6,6 prósenta atvinnuleysi.

Atvinnuleysi er mest á Suðurnesjum, 12,1 prósent, en minnst á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, en þar eru 1,8 prósent vinnufærra án atvinnu. Fleiri karlar en konur eru atvinnulausir, 7,6 prósent karla en 6,7 prósent kvenna. **- kóp**






# ATH! AÐEINS ÚT ÞESSA VIKU!

## RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

Mikið úrval af heilsukoddum, sængum og sængurfatnaði á ótrúlegu verði.

Rekkjan er með stórglæsilega sængurfatadeild með miklu úrvali af sængurfötum. Meðal annars bjóðum við sængurföt frá þýska framleiðandanum Brennet sem hefur sérhæft sig í vönduðum sængurverum frá árinu 1881. Brennet notar eingöngu hágæða efni í vörur sínar, t.d. 100% Mako bómullarsatín. Brennet er einn örfárra sængurveraframleiðanda í heiminum sem hefur leyfi til þess að nota hitajöfnunarefnið Outlast í vörur sínar.




## ÖRFÁ EINTÖK EFTIR

**AF ÞRÝSTIJÖFNUNAR-RÚMUM. NÚ SELD MEÐ 41% AFSLÆTTI!**




- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

ARGH! 141009

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

ATORKA HLUTHAFAFUNDUR

Atorka Group hf • Miðvikudaginn 21. október 2009 kl. 10:00 • Hótel Hilton Nordica

DAGSKRÁ

1. Drög að frumvarpi til nauðasamninga og afstaða kröfuhafa til þess kynnt.
2. Tillaga stjórnar félagsins um að hluthafafundur feli stjórninni að leita eftir heimild héraðsdóms til nauðasamningsumleitana.

Dagskrá fundarins og tillaga stjórnar félagsins í samræmi við framangreint munu liggja frammi til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins frá og með 14. október 2009.

Stjórn Atorku Group hf.

Reynt að taka fyrir ómálefnalegar dómaraskipanir með nýjum tillögum:

# Alþingi verði neyðarhemill

**STJÓRNSÝSLA** Alþingi ætti að þurfa að samþykkja dómaraskipanir dómsmálaráðherra, ef ráðherrann ákveður að sniðganga álit matsnefndar um hæfi umsækjenda. Þetta er meðal tillagna nefndar á vegum dómsmálaráðuneytisins um endurskoðun reglna um dómaraskipanir.

Nefndin skilaði skýrslu um málið í gær. Í henni eru lagðar til ýmsar breytingar, til dæmis að sömu reglur gildi um skipan héraðsdómara og hæstaréttardómara, fjölgað verði í dómnefnd um hæfi umsækjenda og að Hæstiréttur veiti ekki lengur umsögn um umsækjendur, heldur gefi dómnefndinni skýrslu um það hverjar þarfir réttarins eru hverju sinni.

Nefndin sér ekki ástæðu til að svipta dómsmálaráðherra skipunarvaldi. Hins vegar er lagt til að ef ráðherra kjósi að ganga þvert gegn hæfismati dómnefndar, líkt og dæmi eru um, skuli málið koma til kasta Alþingis. Alþingi þurfi þá að staðfesta tillögu ráðherra eða hafna henni. Sé henni hafnað sé ráðherra bundinn af tillögu dómnefndar.

„Hér er um nokkurs konar neyðarhemil að ræða. Líkur eru á því að það fæli ráðherra frá því að skipa ómálefnalega í embætti ef hann veit að Alþingi kemur þá til sögunnar," segir í skýrslu nefndarinnar. - sh



**ÁRNI MATHIESEN** Árni M. Mathiesen, þá settur dómsmálaráðherra, skipaði í lok árs 2007 Þorstein Davíðsson í embætti héraðsdómara, þótt þrír hefðu verið metnir mun hæfari. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mótmæli skrifstofu forseta

**ÁRÉTTING** Forsetaritari sendi í gær ritstjóra Fréttablaðsins bréf þar sem mótmælt er „ítrekuðum rangfærslum sem fram koma í fréttum blaðsins vegna þeirra bréfa forseta Íslands sem Rannsóknarnefnd Alþingis fékk í hendur".

Í bréfinu eru gerðar efnislegar athugasemdir við tvennt.

Í fyrsta lagi að hinn 5. október var staðhæft í undirfyrirsögn að Rannsóknarnefnd Alþingis hefði til skoðunar „sautján bréf frá forseta Íslands til erlendra aðila í þágu bankanna".

Forsetaritari segir í bréfi sínu að alrangt sé um að ræða sautján bréf í þágu bankanna.

Í þessu samhengi er rétt að ítreka að Rannsóknarnefnd Alþingis óskaði ekki eftir aðgangi að öðrum bréfum forsetans en þeim sem skrifuð voru til stuðnings íslenskum fjármálastofnunum eða fyrirsvarsmönnum þeirra.

Svar forsetaembættisins fólst í því að senda Rannsóknarnefndinni þau sautján bréf sem Fréttablaðið vísar til. Það er á þessu mati forsetaembættisins sem orðalagið í frétt Fréttablaðsins er byggt á.

Í öðru lagi vísar forsetaritari til þess að í yfirfyrirsögn fréttar blaðsins í gær um neitun forsetans við því að gera bréfin opinber sé talað um „sautján bréf til þjóðhöfðingja í þágu bankanna".

Þessi athugasemd á rétt á sér því einungis átta bréfanna sautján voru skrifuð þjóðhöfðingjum. Átta bréfanna voru hins vegar send ýmsum útlendum fyrirmennum, öðrum en þjóðhöfðingjum, þar á meðal Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, Al Gore, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna, og krónprinsinum af Abu Dhabi. Sautjánda bréfið er til Björgólfs Thors Björgólfssonar.

## BRÉF FORSETARITARA

*Ágæti ritstjóri Fréttablaðsins.*

Skrifstofa forseta Íslands vill mótmæla ítrekuðum rangfærslum sem fram koma í fréttum blaðsins vegna þeirra bréfa forseta Íslands sem Rannsóknarnefnd Alþingis fékk í hendur. Í fyrstu frétt blaðsins um málið frá 5. október 2009 var fullyrt í undirfyrirsögn að um væri að ræða „sautján bréf frá forseta Íslands til erlendra aðila í þágu bankanna". Í frétt blaðsins í dag 13. október 2009 segir í yfirfyrirsögn að forsetaembættið vilji ekki „afhenda sautján bréf til þjóðhöfðingja í þágu bankanna". Efnisatriði beggja fréttanna eru síðan í sama stíl og þessar rangfærslur.

Alrangt er að hér sé um að ræða sautján bréf „í þágu bankanna", hvað þá heldur „sautján bréf til þjóðhöfðingja í þágu bankanna".

Hið sanna er, eins og skýrt kemur fram í bréfi skrifstofu forseta til Rannsóknarnefndar Alþingis sem blaðamaður Fréttablaðsins Pétur Gunnarsson fékk afhent afrit af, að aðeins eitt bréf var skrifað í þágu banka eða fjármálafyrirtækis og aðeins hluti bréfanna er til þjóðhöfðingja. Eina bréfið sem skrifað var í þágu fjármálastofnunar var bréf til forseta Kasakstans vegna Creditinfo sem er fyrirtæki sem sérhæfir sig í hugbúnaði sem auðveldar bönkum og fjármálafyrirtækjum að halda skrár yfir skuldara og vanskilamenn.

Í bréfinu til Rannsóknarnefndar Alþingis segir ennfremur skýrt: „Þá er í fáeinum bréfum öðrum vikið að starfsemi íslenskra banka í tilteknu landi en þá jafnframt fjallað um ýmis efnisatriði önnur sem varða samvinnu Íslands og viðkomandi lands, t.d. á sviði orku- og umhverfismála, vísinda, tækni, heilbrigðismála, menntunar og menningar. Loks er í örfáum bréfum vikið að bönkunum í framhjáhlaupi og einu sinni nefnt það áhugamál fyrirsvarsmanns eins þeirra að fá William Jefferson Clinton, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, til að halda ræðu á Íslandi."

Bréfið sem Fréttablaðið hefur undir höndum sýnir því skýrt hve rangar og villandi fyrrgreindar fullyrðingar í yfir- og undirfyrirsögnum og annarri frásögn eru. Skrifstofa forseta Íslands mælist eindregið til þess að Fréttablaðið sem vill vera vandað í sínum fréttaflutningi setji ekki slíkar rangfærslur í fyrirsagnir né endurtaki þær í meginmáli frétta.

*Örnólfur Thorsson*

Fréttablaðið vísar að öðru leyti á bug staðhæfingum í bréfi forsetaritara um rangfærslur og villandi fullyrðingar í blaðinu um bréf forsetans.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur blaðið kært neitun forsetaembættisins við afhendingu bréfanna sautján til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Blaðamaður Fréttablaðsins hefur jafnframt óskað eftir því að forsætisráðuneytið ógildi synjun forsetans enda er forseti Íslands ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum, samkvæmt 11. grein stjórnarskrárinnar.

Ákvörðunin um að gera efni bréfanna ekki opinbert fyrr en eftir þrjátíu ár er því tekin á ábyrgð Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra.

Samfylkingin

Er persónukjör leið til aukins lýðræðis?

**Kvennahreyfing Samfylkingarinnar** boðar til opins fundar í Samfylkingarsalnum Hamraborg 11, í Kópavogi **fimmtudaginn 15. október kl. 20:00.**

**Framsögumenn:**
Þorkell Helgason, stærðfræðingur
Auður Styrkársdóttir, stjórnmálafræðingur
Valgerður Bjarnadóttir, alþingismaður
Rannveig Guðmundsdóttir, fyrrv. alþingismaður og ráðherra

**Fundarstjóri:** Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar.



www.xs.is Allir velkomnir

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




N1

Láttu ekki veturinn koma þér á óvart!

Frábært úrval af dekkjum, dekkjahótel og betri þjónusta

Þú færð skjóta og góða hjólbarðaþjónustu hjá N1. Við bjóðum upp á eitt mesta úrval landsins af hjólbörðum og geymum sumardekkin á dekkjahóteli fyrir þá sem vilja.
**Renndu við hjá okkur þegar þér hentar, við tökum vel á móti þér!**

**Hjólbarðaþjónusta N1 er á eftirtöldum stöðum:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Bíldshöfða 2 | Reykjavík | sími 440 1318 | Langatanga 1a | Mosfellsbæ | sími 440 1378 |
| Réttarhálsi 2 | Reykjavík | sími 440 1326 | Reykjavíkurvegi 56 | Hafnarfirði | sími 440 1374 |
| Fellsmúla 24 | Reykjavík | sími 440 1322 | Dalbraut 14 | Akranesi | sími 440 1394 |
| Ægisíðu 102 | Reykjavík | sími 440 1320 | Grænásbraut 552 | Reykjanesbæ | sími 440 1372 |

WWW.N1.IS Meira í leiðinni



**KVÍABRYGGJA** Leitað var hátt og lágt að ólöglegum efnum á Kvíabryggju í gær.

Fjölmennt lið fór í allsherjarleit á Kvíabryggju í gær:

# Fangar skiluðu þvagsýni

**FANGELSISMÁL** Fjölmennt lið fór í allsherjarleit, þar á meðal að fíkniefnum og sterum, í fangelsinu á Kvíabryggju í gær. Leitin stóð í allan gærdag. Tilefni hennar var að kanna almennt ástand mála í fangelsinu. Þar höfðu sterar og tól til að nota þá fundist fyrir nokkru, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, vildi ekki tjá sig um árangur leitarinnar þegar Fréttablaðið leitaði eftir því í gærkvöld. Hann sagði þó að alltaf mætti búast við að gerð yrði slík hefðbundin leit í fangelsum ríkisins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leitaði tæplega tuttugu manna hópur fangavarða og lögreglu í fangelsinu öllu, bæði klefum og sameiginlegum rýmum. Þá voru tveir fíkniefnahundar notaðir við leitina. Þá var öllum föngum gert að skila þvagsýni til að athuga hvort þeir hefðu notað ólögleg efni.

Spurður hvað gerðist ef menn, vistaðir í opnu fangelsi, yrðu uppvísir að neyslu ólöglegra efna sagði Páll að sá sem gerðist sekur um agabrot yrði að líkindum fluttur í lokað fangelsi.

„Tilgangur þessa er að halda uppi öryggi í fangelsinu," segir Páll. - jss


„Ég lánaði þeim eldspýtur. Og hvað með það? Það lánuðu allir eldspýtur, næstum hver einasti maður! Annars væri borgin varla brunnin til grunna."
BRENNU VARGARNIR
eftir Max Frisch
Magnað verk um hugleysi og græðgi, fullt af eldfimum húmor
Brennuvargarnir er eitt af frægustu leikritum 20. aldarinnar
Leikstjóri er Kristín Jóhannesdóttir sem valin var leikstjóri ársins á síðustu Grímuverðlaunahátíð.
Með aðalhlutverk fara Eggert Þorleifsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Björn Thors og Magnús Jónsson.
Frumsýning á föstudaginn
Hringdu í síma 551 1200 eða smelltu þér á leikhusid.is
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hve stór hluti þjóðarinnar er í þjóðkirkjunni?*
2. *Hvað töpuðu lífeyrissjóðirnir mörgum milljörðum á tímabilinu ágúst 2008 til ágúst 2009?*
3. *Hver er lögmaður Færeyja?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Nóbelsverðlaunahafi segir auðlindastjórn best komna hjá þeim sem nýta þær:

# Fjarlægt yfirvald án yfirsýnar

**EVRÓPUMÁL** „Það er áhugavert að skoða þessi ummæli með tilliti til fiskveiðistjórnunar okkar og umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Með aðild myndi Ísland gangast undir hina sameiginlegu fiskveiðistefnu ESB. Henni er miðstýrt frá Brussel, fjarri þeim sem nýta auðlindir sjávar og eiga mestra hagsmuna að gæta,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ.

Elinor Ostrom, sem nýlega hlaut Nóbelsverðlaunin í hagfræði fyrst kvenna, bendir á það í rannsóknum sínum að stjórn auðlinda á borð við skóga, vötn og fiskistofna, sé betur komið í höndum nærliggjandi samfélags en þegar fjarlægt yfirvald heldur á málum. Þegar kemur að stjórn almenningsgæða er virk þátttaka notenda í myndun og framkvæmd reglna lykilatriði, að mati Ostrom. Hún telur utanaðkomandi reglur ekki virka jafnvel og líklegra er að reynt verði að komast hjá þeim. Þetta kemur fram í greinargerð Nóbelsverðlaunanefndarinnar.

LÍÚ hefur ítrekað sagt að með aðild að ESB yrði lagasetningarvaldið framselt frá Alþingi til Brussel og að allt forræði og fyrirsvar í málefnum sjávarútvegs flyttist til ESB. Þá hefur LÍÚ haldið uppi sömu rökum um auðlindastjórnun og Ostrom beitir. **- shá**



**NÓBELSVERÐLAUNAHAFI** Hagfræðingurinn Elinor Ostrom fullyrðir að auðlindastjórn sé betur komið í höndum þeirra sem nýta hana en hjá fjarlægu yfirvaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verjendur í skattamáli Baugs:

## Athugasemdir gerðar við gögn

**BAUGSMÁL** Verjendur ákærðu í skattahluta Baugsmálsins gerðu athugasemdir við gögn sem sækjandi í málinu hefur lagt fram þegar málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Vegna þessa er ólíklegt að aðalmeðferð í málinu fari fram fyrr en undir lok árs, eða í byrjun næsta árs, segir Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari. Hann þarf að skila greinargerð vegna athugasemdanna 22. október.

Ákærð í málinu eru Jón Ásgeir Jóhannesson, Kristín Jóhannesdóttir og Tryggvi Jónsson, auk Baugs Group og Fjárfestingarfélagsins Gaums. **- bj**


**LAUSAR LEIGUÍBÚÐIR Á HAGSTÆÐU VERÐI!**

Byggingafélag námsmanna auglýsir til leigu íbúðir bæði fyrir námsmenn og á almennum markaði á hagstæðu verði. Um er að ræða nýlegar einstaklings- og paríbúðir. Íbúðirnar eru staðsettar í Reykjavík, Hafnarfirði og á Laugarvatni. Stærðir íbúða eru á bilinu 40 til 70 fermetrar. Hverri íbúð fylgir ísskápur auk afnot af sameiginlegu þvottahúsi með þvottavél og þurrkara. Félagið hefur yfir að ráða umsjónarmönnum sem hægt er að kalla til ef eitthvað þarf að laga.

Á heimasíðu félagsins www.bn.is er hægt að kynna sér leiguverð, skipulag og stærð íbúða. Allar frekari upplýsingar eru veittar í síma 552-6210 frá klukkan 9:00 til 16:00 alla virka daga.








**HELGUVÍK** Orku fyrir álver í Helguvík á að flytja með Suðvesturlínu. Forsvarsmenn Norðuráls segja afar sérstakt að ráðuneytið telji Norðurál ekki hagsmunaaðila í umfjöllun ráðuneytisins um línurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Segja lögin ekki brotin

**Umhverfisráðherra var ekki skylt að veita Norðuráli andmælarétt áður en úrskurðað var um Suðvesturlínu að mati ráðuneytisins. Norðurál gagnrýnir málsmeðferð og hægagang hjá ráðuneytinu.**

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisráðuneytið hafnar ásökunum forsvarsmanna Norðuráls um að Svandís Svavarsdóttir ráðherra hafi brotið gegn stjórnsýslulögum þegar hún úrskurðaði um Suðvesturlínu.

Í yfirlýsingu frá ráðuneytinu kemur fram að úrskurðurinn hafi fjallað um framkvæmd Landsnets vegna Suðvesturlínu. Álitaefnið sé hvort meta eigi umrædda framkvæmd með hugsanlegum virkjanakostum á svæðinu. Ekki sé verið að fjalla um umhverfisáhrif af fyrirhuguðu álveri Norðuráls í Helguvík, og því ekki skylt að veita fyrirtækinu andmælarétt samkvæmt stjórnsýslulögum.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær fullyrða forsvarsmenn Norðuráls að lögvarðir hagsmunir þeirra hafi ekki verið virtir, þar eð þeim hafi ekki verið veitt aðild að málinu eða andmælaréttur.

Í bréfi Norðuráls til ráðherra, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, segir enn fremur að kærufrestur hafi verið liðinn þegar kærur Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands hafi borist. Þá hafi frestur ráðherra til að úrskurða verið liðinn þegar úrskurður barst.

Í yfirlýsingu ráðuneytisins segir að þrátt fyrir að dregist hafi um þrjá mánuði að úrskurða í málinu leiði það ekki til þess að úrskurðurinn verði ólögmætur. Í dómaframkvæmd hafi það eitt og sér ekki valdið ógildingu stjórnvaldsákvarðana.

Tafir á afgreiðslu ráðuneytisins urðu vegna umfangs málsins og eðlis, sem krafðist þess að umsagna og álita væri aflað víða, segir í yfirlýsingu ráðuneytisins.

Þar er þó tekið fram að málshraði sé oft og tíðum ekki í samræmi við lögboðna fresti. Ráðuneytið skoði nú hvort ástæða sé til að lengja úrskurðarfresti vegna laga um mat á umhverfisáhrifum.

Ágúst Hafberg, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og samskipta hjá Norðuráli, segir þetta einkennileg vinnubrögð.

Í þessu máli hafi ráðuneytið tekið sér 40 daga af þeim 60 sem það hafi haft til að fjalla um málið í það eitt að senda bréf til umsagnaraðila. Slík vinnubrögð geti varla talist ástæða til að afgreiðslufrestur mála sem þessara sé lengdur.

Ráðuneytið mótmælir því einnig að kærur hafi borist of seint, þrátt fyrir að annað sé fullyrt í bréfi Norðuráls. Þar segir að kærufrestur hafi runnið út 25. apríl. Kærurnar hafi verið dagsettar 24. apríl, en stimplaðar mótteknar í ráðuneytinu 29. apríl.

Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu bárust kærurnar með tölvupósti áður en frestur rann út. Það eitt og sér dugi til að kæran teljist hafa borist, en formsins vegna hafi verið ákveðið að óska einnig eftir því að kærunum yrði skilað skriflega. Þau eintök hafi verið stimpluð móttekin í ráðuneytinu 29. apríl.

**brjann@frettabladid.is**


**Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**

Landsbankinn mun í vetur bjóða upp á röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin svo því sé unnt að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins og móta fjárhagslega framtíð fjölskyldunnar.

**Dagskrá fjármálakvölda í október og nóvember**

| | | |
|---|---|---|
| 22. október | Aðalbanki | Fjármálaskilningur |
| 29. október | Mjódd | Fjármál heimilisins |
| 5. nóvember | Ísafjörður | Fjármál heimilisins |
| 12. nóvember | Akranes | Fjármál heimilisins |
| 19. nóvember | Hamraborg | Fjármál heimilisins |

**Skráning fer fram á landsbankinn.is og í síma 410 4000.**

**Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á landsbankinn.is.**




FJÁRMÁLARÁÐGJÖF | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

heill
# STURTUklefi

Tilboð!

til afgreiðslu af lager

6mm hert öryggisgler allan hringinn
Sturtubotn m/vatnslás
Sturtustangasett m/15sm nuddhaus




## KANTAÐUR:

| | |
|---|---|
| 70x70 | 104.900.- stgr |
| 75x75 | 108.900.- stgr |
| 80x80 | 112.900.- stgr |
| 90x90 | 118.900.- stgr |

Á MEÐAN BYRGÐIR ENDAST!

kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**Á LEIÐ TIL ÞVOTTA** Búrkuklæddar konur í Kabúl flytja notuð föt til þvotta áður en þau eru boðin til sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögmaður Færeyja snæddi með forsætisráðherra á Þingvöllum í gær:

# Færeyingar eru vinir í raun

**UTANRÍKISMÁL** Forsætisráðherra Íslands þakkaði í gær Færeyingum fyrir lán upp á þrjú hundruð milljónir danskra króna sem þeir veittu Íslendingum stuttu eftir íslenska bankahrunið.

„Þverpólitísk samstaða Færeyinga um þetta lán, sem veitt var skilyrðislaust þegar allir aðrir sneru við okkur baki í fyrra, sýnir hug þeirra betur en nokkur orð [...] þeir eru vinir í raun,“ sagði forsætisráðherrann, Jóhanna Sigurðardóttir.

Orðin féllu á fundi hennar með Kaj Leo Johannesen, lögmanni Færeyinga, á Þingvöllum. Þar snæddu oddvitar þjóðanna hádegisverð, en Kaj Leo er hér í opinberri heimsókn.



**Á ÞINGVÖLLUM** Oddvitar þjóðanna hittust á Þingvöllum í gær og ræddu sameiginleg hagsmunamál þjóðanna. MYND/FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Samkvæmt tilkynningu frá forsætisráðuneytinu var fjallað um heilbrigðismál, kreppur og fólksflótta, og einnig um fríverslunarsamning þjóðanna, Hoyvíkursáttmálann.

Kaj Leo þakkaði fyrir sig og sagði að í Færeyjum væri fylgst grannt með framgangi mála á Íslandi. „Sérstaklega nú þegar Ísland hefur sótt um aðild að Evrópusambandinu. Úrslit mála í aðildarferlinu gætu haft verulegt áhrif á pólitíska umræðu í Færeyjum,“ sagði hann.

Í kjölfar bankahrunsins veittu Færeyingar, ein þjóða, lán sitt án skilyrða um samstarf við yfirþjóðlegar stofnanir. - kóþ

Leggur til breytt fyrirkomulag:

# Einbeiti sér að fjárlaganefnd

**ALÞINGI** Ásbjörn Óttarsson Sjálfstæðisflokki leggur til að þeir þingmenn sem sitja í fjárlaganefnd Alþingis sitji í þeirri nefnd einni og ekki öðrum.

Hann vék að þessu í umræðum um fjáraukalög í gær.

Ásbjörn sagði álagið í nefndinni mikið og til bóta yrði að þingmenn gætu einbeitt sér að viðamiklum störfum hennar. Tók hann sem dæmi að í gærmorgun hefði nefndin varið bróðurparti af fundartíma sínum í fjárlög næsta árs og lítið getað farið yfir fjáraukalög sem þó voru á dagskrá þingsins í gær. - bþs

Formaður Lögmannafélagsins:

# Fleiri dómarar og sérþekking á efnahagsbrotum

**STJÓRNSÝSLA Efla þarf dómstólana vegna hrunsins, bæði með fjölgun dómara og aukinni sérþekkingu á efnahagsbrotum.**

**Þetta er skoðun Lárentsínusar Kristjánssonar, formanns Lögmannafélags Íslands.**

**Í grein í blaði félagsins segir Lárentsínus álag á dómstólana nú þegar hafa aukist umtalsvert og líkur séu á að það eigi enn eftir að aukast. Mál af öllu tagi hrannist upp auk þess sem viðbúið sé að látið verði reyna á neyðarlögin með margvíslegum hætti.**

**Telur Lárentsínus brýnt að yfirvöld dómsmála ráðist strax í nauðsynlega undirbúningsvinnu og skoðun á því hvernig þessu ástandi verði best mætt.** - bþs

Peter Dyrberg segir þjóðarvitund ekki breytast við inngöngu í Evrópusambandið:

# Íslendingar yrðu áfram Íslendingar

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** „Ef þið gangið í Evrópusambandið verður staða íslenskunnar betri en nú er,“ segir Peter Dyrberg, forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík. „Núna er staðan sú að innan EFTA þarf allt að fara fram á ensku, en ef þið gangið í Evrópusambandið geta íslensk stjórnvöld notað íslensku í samskiptum sínum við stofnanir í Brussel. Þau geta skrifað til ESB á íslensku og einstaklingar geta notað íslensku þurfi þeir að leita til stofnana sambandsins. Þið farið því úr verra ástandi yfir í betra.“

Mikið hefur verið rætt um að hér á Íslandi þurfi að ráða fjölda manns til að þýða lög og önnur skjöl sem berist frá Evrópusambandinu, en oft gleymist að í höfuðstöðvum Evrópusambandsins þarf einnig að fá fólk til starfa til þess að þýða af íslensku.

„Gróft metið tel ég að í Brussel muni skapast um það bil 200 ný störf fyrir Íslendinga, bæði til þess að þýða og til þess að sinna öðrum störfum. Þið þurfið til dæmis íslenska lögfræðinga þar til þess að útskýra íslenskt lagaumhverfi. Þið þurfið líka einhverja til að sjá um hlutina þegar mál berast til Evrópusambandsins á íslensku. Þið þurfið að manna skrifstofur íslenska dómarans í Evrópudómstólnum og skrifstofur íslenska framkvæmdastjórans í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.“

Hann segir reynslu annarra ríkja benda til þess að það valdi engum sérstökum erfiðleikum í Evrópusambandinu þótt þjóðarvitund íbúa aðildarríkjanna sé ólík.

„Bretum finnst þeir enn vera Bretar og Dönum finnst þeir enn vera Danir. Skoðanakannanir sýna að á þessu hafa ekki orðið miklar breytingar. Íslendingar yrðu áfram Íslendingar,“ segir Dyrberg, sem sjálfur er danskur en hefur starfað í Brussel í tvo áratugi, meðal annars sem deildarstjóri í Eftirlitsstofnun EFTA. Hann hefur verið með annan fótinn á Íslandi undanfarin fjögur ár og fylgist með umræðunni hér á landi.

Í dag flytur hann erindi um sjálfsmynd þjóðar og Evrópusambandið á hádegisfundi sem Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík efnir til í stofu 201 í húsakynnum háskólans að Ofanleiti 2. - gb



**PETER DYRBERG** Forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar HR hefur verið með annan fótinn hér á landi undanfarin fjögur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




30% afsláttur af öllum vörum í Bónus Kjörgarði.
(Vegna breytinga í versluninni)
30% afslátturinn gildir miðvikudag og fimmtudag eða á meðan birgðir endast.
Opnum aftur eftir breytingar í lok október.
Verslunin opnuð kl.10.00 í dag !
BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

**Allra síðustu sýningar**

fös. 16. okt. kl. 20.00
lau. 17. okt. kl. 20.00
fim. 22. okt. kl. 20.00
fös. 23. okt. kl. 20.00
fös. 30. okt. kl. 20.00
lau. 31. okt. kl. 20.00

# Sýnt í Loftkastalanum

## Miðasala á midi.is

*Ekki missa af frábaerum gleðileik*



# Fúlar á Móti

**Jóhanna Vidalín Þórðardóttir**
Þið voruð bara flottar og fyndnar. Góð sýning og kennsla í því sem koma skal, er að koma eða kannski þegar byrjað? He he!

**Sigurlaug Ásta Grétarsdóttir**
hló mikið og skemmti sér vel. Var hálf marin á annarri hliðinni eftir regluleg olnbogaskot frá eiginmanninum. Mæli eindregið með þessari sýningu.

**Gróa Kristjánsdóttir**
Geðveik sýning sem þjálfaði maga- og andlitsvöðva vel.

**Ingibjörg Ingadóttir**
Veit ég truflaði sýninguna töluvert, þetta með að ná ekki andanum á köflum er auðvitað stórhættulegt! Endorfín sem dugði fram á nótt.

**Gísli Gíslason**
Vaknaði í morgun ennþá hlæjandi og við verðum það næstu daga, við hjónin. Takk fyrir frábæra skemmtun.

**Ingunn Mjöll Sigurðardóttir**
Hló á mig gat, þetta var sko ekkert frat,
fúl á móti, já ég segi það,
svitakóf, pirringur, hormóna hvað,
já Fúlar á móti, þær tækluðu það :)

**Axel Axelsson**
Frábær sýning og bráðfyndin. Allt satt og rétt sem fram kom í sýningunni. Látið mig þekkja það að heiman og víðar að.

**Linda Lorange**
Spurning um að fara í blöðruaðgerð eftir allan krampahláturinn og sixpakkinn breyttist í kút;)

**Rósa María Guðjónsdóttir**
Fúlar á móti var snilld! Hef sjaldan hlegið jafn mikið á einu leikriti, algjör snilld! Hló á mig gat.

**Berglind Berghreinsdóttir**
Þetta var ótrúlega fyndið og ég var eftir mig af hlátri. Ég vona að þetta verði gefið út á DVD svo ég geti séð þetta aftur.

**Kristín Ásgeirsdóttir**
Þetta er frábær sýning, allir geta séð sjálfan sig eða þekkja eitthvað sem kemur fram. Ég og dóttir mín grétum úr hlátri alla sýninguna. Enginn má missa af þessari sýningu.

**Svandís Birkisdóttir**
Ég fór á Fúlar á móti og var með harðsperrur í maganum lengi á eftir, ég hló svo mikið.

**Hjördís G. Thors**
Athuga vel að vera búnar að pissa... ÁÐUR en gengið er til sætis !!! :)

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Með leyfi AVALON PROMOTIONS & LIBERTY BELL
**GRUMPY OLD WOMEN LIVE**

Miðasala á www.midi.is og www.loftkastalinn.is einnig í síma: 527 1000

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Margir komnir út úr korti:

## Týndir menn í vanda

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Börnin voru að leika sér í bingó og vildu öll fá vinning svo á endanum var leikreglunum hagrætt og allir urðu glaðir yfir litlu. Þetta var 2002-árgangurinn, kominn svo langt í skilningi á samfélaginu að þau voru tekin að ná áttum í ýmsum aðsteðjandi vandamálum: atvinnuleysi, blankheitum, farin að spyrja ankannalegra spurninga um fréttatíma sem þau heyrðu utanaf sér.

Og umhverfis sátu foreldrar og vandamenn og reyndu að ná áttum í raunveruleikanum.

Síðasta spinnið í röðinni kom svo í kvöldfréttum: 90 prósent fást uppí Icesave. Lokafrágangur á uppgjöri bankanna er í sjónmáli. Í síðustu viku voru það álitsgerðir Seðlabanka og viðskiptaráðuneytis um hvað blasti við færu samningar um Icesave í klúður og þar í milli dramatískir tilburðir verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda. Þar á undan var allt spinnið með réttlætiskennd og ábyrgðartilfinningu Ögmundar Jónassonar sem endaði með leikþætti, nánast í beinni þar sem allir voru vinir yfir kaffi og kleinum og ætluðu „að tala sig til niðurstöðu“.

*Í síðustu viku voru það álitsgerðir Seðlabanka og viðskiptaráðuneytis um hvað blasti við færu samningar um Icesave í klúður og þar í milli dramatískir tilburðir verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda.*

Var nema von að fólk væri tekið að flækjast í vefnum? En þær fylgja alltaf skoplegu hliðarnar: gamansagnahöfundarnir Óskar Magnússon og Davíð Oddsson hafa fundið sér nýjan vettvang og gott að hleypa má skáldfáknum á fjarlægar grundir víðs fjarri fyrri starfsvettvangi: annar þeirra setti jú Seðlabanka Íslands á hausinn og samþykkti á sínum tíma ábyrgð á Icesave. Nú er hann að skrifa sig frá þeirri sáru reynslu.

Tveir aðrir lukkuriddarar sáu líka möguleika á að setja upp smá sjónarspil, skreppa í skottúr til Noregs og leita þar að peningum með aðstoð sérfræðinga einhvers Norðurljósafyrirtækis. Gilti þá litlu þótt öllum slíkum lánum hefði verið neitað mörgum mánuðum fyrr.

Íslenskt stjórnmálalíf er ekki beysið ef marka má þau glitbrigði sem umbjóðendum er boðið uppá þessi dægrin. Hin grjóthörðu gildi sem blasa við: uppgjör skulda fyrir íslenska bankastjórnendur, vægur niðurskurður ríkisútgjalda og stóraukin skattheimta verða til þess að fólk hleypur á fjöll erindisleysur, uppdiktaðar ávirðingar fljúga, óhreinlyndi verður dyggð, hugleysið verður réttlætiskennd. Við lifum sannarlega öfugsnúna tíma. Þráum enda öll að geta kallað hátt: Bingó – það er loksins komin heil röð eftir settum reglum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Verkstjórnarnámskeið**

**Námskeið fyrir starfandi og verðandi verkstjórnendur**

Markmiðið er að þjálfa millistjórnendur til að taka á málum sem varða hagsmuni fyrirtækja og starfsmanna.

Námsþættirnir eru yfir 20. Meðal þeirra eru:

- Samskipti í starfi
- Nútíma stjórnunarhættir
- Áætlanagerð
- Hvatning og starfsánægja
- Mannauðsstjórnun
- Stjórnun breytinga

Námskeiðið er samtals **85 stundir** og skiptist í tvo hluta. Næsta námskeið hefst **9. nóvember**.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** í síma **522 9000** og á vefsíðu okkar **www.nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Frjáls og framsýnn

Þeir eru ófáir sem vildu óska að þeir hefðu séð í gegnum góðærisbóluna í aðdraganda hrunsins. Þó voru nokkrir sem það gerðu, til dæmis Jón Kr. Ólafsson, söngvari á Bíldudal. Fréttablaðið sló á þráðinn til Jóns í árslok 2005 og innti hann eftir áliti á því að Björgólfur Thor Björgólfsson hafði verið valinn viðskiptamaður ársins af dómnefnd Markaðarins. Ekki stóð á svörum hjá Jóni: „Ég botna bara ekkert í þessum peningamönnum. Það virðist sem fjórir til sex menn í okkar litla landi geti keypt heimsbyggðina. Hvaðan koma allir þessir peningar til þessara manna? Ég fer ekkert ofan af því að í denn var talað um mis- og stéttaskiptingu en ég sé ekki betur en að alveg sama staða sé komin upp aftur. Það er búið að snúa mottunni við. Nokkrir menn eiga helling af peningum en hinir eiga ekkert af peningum og geta bara bitið í sig.“ Jón er því ekki aðeins frjáls,eins og hann söng með Facon um árið, heldur líka framsýnn.



### Leyndarhjúpur

Á vef Alþingis má finna yfirlit yfir æviferil þingmanna og sem og þingferil. Upplýsingar um þingferil eru fengnar úr gagnagrunni Alþingis en þingmenn leggja sjálfir fram upplýsingar um fjölskyldu, menntun, fyrri störf, störf að félagsmálum og þar fram eftir götunum. Af 63 þingmönnum hafa þrír enn ekki lagt fram slíkar upplýsingar: Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Fyrir rúmu ári hefði slíkt eflaust verið skrifað á annríki þingmannanna. Slíkar skýringar hrökkva þó skammt eftir hrun, þar sem allar gjörðir eru tortryggðar og því óhjákvæmilegt að spyrja: Hví þessi leynd?



bergsteinn@frettabladid.is

# Í feluleik við Stóra bróður



ÞRÁINN BERTELSSON

**Í DAG** | Faldar myndavélar

Athyglisvert er að heyra hneykslaða umræðu um að það sé ósiðlegt af heimildarkvikmyndagerðarmönnum að nota faldar myndavélar við list sína af því að sú vinnuaðferð sé talin óbrúkleg af fréttamönnum.

Að Helgi Felixson skyldi nota falda myndavél til að geta sýnt okkur útrásarvíkinga áður en þeir setja upp aðfenga almenningstengslagrímu er eiginlega umdeildara en hvort myndin hans, Guð blessi Ísland, bæti einhverju við sýn okkar á þessi athafnaskáld, vandræðaskáld vorra tíma.

Að bera saman störf listamanna og fréttamanna er eins og að bera saman epli og appelsínur.

Listamenn spegla eða túlka umhverfi sitt og veruleika á persónulegan hátt og nálgast sannleikann með möguleikum og takmörkunum þess listforms sem þeir velja sér. Viðfangsefni fréttamanna er að miðla fáanlegum upplýsingum um atburði eða ástand, fljótt og án bjögunar.

### Nekt, nærhald og japanskar talnaþrautir

Heimildarkvikmynd lýtur lögmálum listarinnar í túlkun sinni á veruleikanum meðan fréttamennska tekur mið af vinnu- og siðareglum sem þróast hafa í faginu til þess að stuðla að því að fréttir komist sem minnst bjagaðar til neytenda.

Fjölmargar aðrar stéttir en fréttamenn eyða megninu af vinnutíma sínum við að afla alls konar upplýsinga um hegðun fólks, atburði og ástand hluta, svo sem lögreglumenn, njósnarar, ættfræðingar ellegar vísindamenn og akademíkerar af öllu tagi.

Faldar myndavélar eru ekki einungis hluti af verkfærasafni þeirra sem gera heimildarkvikmyndir heldur þykir fréttamönnum og fjölmiðlum alveg burtséð frá sínum eigin siðareglum sjálfsagt að birta myndir sem teknar eru án leyfis þess sem „fréttin“ fjallar um. Nærtæk dæmi eru endalausar rannsóknir blaðaljósmyndara á því hvort nekt eða nærhald leynist undir stuttum kjólfaldi ungstirna í Hollywood og mynd af íslenskum þingmanni sem notar þingsal Alþingis til að sökkva sér niður í japanskar talnaþrautir.

### Myndavél á hverju horni

Notkun falinna myndavéla er svo útbreidd að engin manneskja getur farið úr úr húsi án þess að verða myndefni eftirlitsmyndavéla.

Það eru eftirlitsmyndavélar á öðru hverju götuhorni, hverju bankaútibúi, flestum verslunum, öllum bensínstöðvum, hjá stofnunum og fyrirtækjum, utan á byggingum, jafnt opinberum sem einkaheimilum.

Það virðist ríkja einhvers konar samkomulag um að heimilt sé að taka ljósmyndir eða lifandi myndir alls staðar nema þar sem tekið er fram sérstaklega að myndataka sé bönnuð, svo sem í búnings- og sturtuklefum sundstaða ellegar í verksmiðjum þar sem menn óttast að myndataka geti komið upp um framleiðsluleyndarmál.

Stóri bróðir hefur auga með þér hvar sem þú ferð – hvað svo sem líður persónuvernd og hvort sem það er siðferðilega réttlætanlegt eða ekki.

### Fjarlægur draumur um friðhelgi einkalífsins

Yfir öllum jarðarbúum vaka svo myndavélar sem enginn maður getur séð með berum augum, hátæknimyndavélar sem stórveldin hafa komið fyrir í ótal gervitunglum á sporbraut um jörðina.

Það má með góðum rökum halda því fram að á okkar tímum séu upplýsingar úr földum eða sjálfvirkum myndavélum mun meiri að vöxtum en uppstilltar myndir teknar með vitund og vilja myndefnisins. Samanlagt magn upplýsinga á myndrænu formi er gífurlegt, hvað svo sem því líður hvernig efnisins hefur verið aflað.

Notkun þessara upplýsinga og höfundar- og einkaréttur hvers einstaklings yfir persónu sinni og einkalífi er hins vegar á gráu svæði, lítt könnuðu og afar umdeildu.

Á okkar tímum er draumurinn um friðhelgi einkalífsins orðinn býsna fjarlægur en það er útbreitt sjónarmið að telja að réttur fólks til slíkrar friðhelgi hljóti að einhverju leyti að miðast við það að hversu miklu leyti viðkomandi tekur þátt í opinberu lífi og hvort þær athafnir sem myndin lýsir tengjast viðkomandi sem opinberri persónu eða sem prívatmanneskju.

Spurningin er því miður ekki lengur hvort faldar myndavélar eigi rétt á sér. Þær eru staðreynd hvort sem manni líkar betur eða ver.

Spurningin er hvar og hvenær og hvernig við eigum rétt á að fela okkur fyrir myndavélunum.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Þjónustumiðstöð í tilvistarkreppu

**UMRÆÐAN**

Björk Vilhelmsdóttir skrifar um þjónustumiðstöð Miðborgar



BJÖRK VILHELMSDÓTTIR

Borgarstjóri hefur ein síns liðs ákveðið að flytja þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða yfir á Höfðatorg á næsta ári. Ekkert samráð var haft við starfsmenn né yfirmenn miðstöðvarinnar, hvað þá velferðarráð þó svo að um eina meginstofnun Velferðarsviðs sé að ræða. Höfðatorg er stórt stjórnsýsluhús sem almenningur hefur mjög takmarkaðan aðgang að, enda húsið allt vandlega aðgangsstýrt. Vandséð er hvernig eigi að sinna þar nærþjónustu við hundruð borgarbúa í hverri viku. Á þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða koma á bilinu 200–300 manns í viku hverri og milli 400 og 600 hringja. Þá er það hlutverk þjónustumiðstöðva að vinna með borgarbúum að hvers kyns framfaramálum í þeirra hverfi, efla félagsauð og vinna að bættri hverfisvitund. Þessi vinna á sér stað á ýmsum tímum sólarhringsins. Við flutninginn mun þjónustumiðstöðin flytja af því íbúasvæði sem hún þjónar.

Það er meira en sjálfsagt mál að hagræða í húsnæði og veitir í raun ekki af. Í dag stendur Reykjavíkurborg uppi með hálftómt Ráðhús eftir að margar skrifstofur fluttust í það rándýra leiguhúsnæði sem borgin leigir af Eykt að Höfðatorgi. Þá er húsnæðið þar illa nýtt og starfshópur hefur komist að því að fjölga megi starfsmönnum þar um tugi ef ekki hundruð. Við núverandi aðstæður þarf að nýta það húsnæði sem borgin getur ekki losað sig við. Mín tillaga er að láta þjónustumiðstöðina flytja í Tjarnargötu 12, en þar er fullt af vannýttu húsnæði, en í hluta þess eru nú borgarfulltrúar sem geta hæglega flutt sig t.d. yfir í Ráðhúsið. Tjarnargata 12 hýsti áður Slökkvistöðina og síðan Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur. Þar er gott aðgengi, staðsetningin er í þjónustuhverfi miðstöðvarinnar, miðborginni, og þangað liggja flestar strætóleiðir.

Það er gerræðislegt af borgarstjóra að taka ákvörðun um flutning stofnunar án þess að hugsa um eitt mikilvægasta hlutverk hennar, en það hefur greinilega ekki verið gert. Ef ákvörðun borgarstjóra stendur er verið að gjörbylta hlutverki þjónustumiðstöðva og við það verður ekki unað.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**HYUNDAI** hefur náð góðum árangri í að minnka mengandi útblástur frá bílum sínum, samkvæmt nýrri könnun sem gerð var á vegum European Federation for Transport and Environment. Hyundai hefur tekist að minnka koldíoxíðsmengunina um helming í samanburði við meðalárangur allra bílaframleiðenda.




Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473


















Bára með nemendum sínum. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Kenndi útskúfuðum börnum á Indlandi

**Eftir fyrstu ferð sína til Indlands var Bára Huld Sigfúsdóttir staðráðin í því að snúa þangað aftur. Hún bauð sig fram sem sjálfboðaliða og kenndi börnum af Kanjar-ættbálkinum stærðfræði og ensku.**

Bára Huld Sigfúsdóttir heillaðist af Indlandi fyrir tveimur árum. Þá sótti hún námskeið í Bangalore á Suður-Indlandi í tengslum við meistaranám í náttúru- og umhverfissiðfræði og var staðráðin í því að snúa aftur. Hún komst í samband við sjálfboðaliðasamtökin Idex í gegnum Nínukot, sem hefur milligöngu um vinnu og verkefni um víða veröld, og starfaði um fjögurra vikna skeið við barnakennslu í smábænum Jharel sem er í námunda við Jhalawar.

„Börnin voru af Kanjar-ættbálkinum sem er búið að útskúfa úr samfélaginu. Þau fá því litla menntun og eru samtökin að byggja upp litla skóla fyrir þau í héraðinu. Þau geta reyndar gengið í einhverja ríkisskóla en þar er oft komið illa fram við þau,“ segir Bára. Hún kenndi börnunum stærðfræði og ensku. „Ég hefði viljað vera lengur til að ná betri tökum á kennslunni en ég held þó að börnin hafi aðallega þurft á athygli og umhyggju að halda.“

Bára segir að átakanlegt hafi verið að sjá hvernig komið var fram við börnin og fjölskyldur þeirra en stéttaskiptingin á Indlandi er gríðarleg og langur vegur frá því að komið sé fram við alla sem jafningja. „Ættbálkurinn vinnur þó fyrir sér með því að brugga áfengi og kemst þannig hjá algerri örbirgð.“

Áður en Bára hélt í sjálfboðaliðastarfið ferðaðist hún um Norður-Indland. „Það var mikil reynsla að vera ferðamaður í 44 stiga hita og 50 prósenta raka. Ég var í Mumbaí til að byrja með en fór svo til Aurangabad, Jaípur, Agra og Nýju-Delí. Þar var mikið glápt á mig og ég held að ég hafi upplifað allar tilfinningar á tilfinningaskalanum þarna ein innan um milljónir enda öll skilningarvitin virk á Indlandi. Mér fannst maturinn alveg frábær en gat þó ekki borðað hvað sem er enda á varðbergi gagnvart kóleru og öðrum sjúkdómum.“ Bára kynntist góðu fólki frá öllum skúmaskotum heims á ferð sinni en sjálfboðaliðastarfið stendur þó upp úr. „Mér fannst frábært að kynnast börnunum og fólkinu sem stóð að skólastarfinu.“

Bára, sem lýkur meistaranámi sínu í vor, stefnir á frekara nám erlendis. Hún vonar að hún eigi afturkvæmt til Indlands.Hún segir ferðina hafa kennt sér margt og þá sérstaklega að vera þakklát fyrir það sem hún hefur. „Ég sé ástandið hér heima í nýju ljósi enda höfum við það mjög gott í samanburði við aðra. Ég reyni að vera meðvituð um það og falla ekki í sama farið.“

*vera@frettabladid.is*




**MYNDAKVÖLD** Ferðafélags Íslands er í kvöld. Þá verða sýndar myndir af Vatnaleiðinni milli Hnappadals og Norðurárdals. www.fi.is




La Villa
Gistiheimili í Kaupmannahöfn
Herbergi og studioíbúðir
í miðbænum
sími 0045-2848 8905




Anný Björk með kálf sem nú er kominn í frystikistu heimilisins. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Fá alþjóðlega skotfimikeppni kvenna til Íslands

**Þær Anný Björk og Inger Ericson hafa tvívegis farið og keppt í alþjóðlegri skotfimikeppni kvenna. Næst verður keppnin haldin hér á landi og er það ekki síst fyrir þeirra tilstilli. Anný segir skotfimi henta konum vel auk þess sem allar góðar húsmæður kunni vel að meta að eiga fulla frystikistu af góðu kjöti.**

Það leggja ekki margar konur á Íslandi stund á skotfimi en þær fáu sem það gera stunda hana af þeim mun meiri ástríðu. Fremstar í flokki þessara kvenna eru þær Anný Björk Guðmundsdóttir og Inger Ericson en þær kepptu báðar í skotfimi um síðustu helgi í Svíþjóð.

Báðar æfa þær Anný og Inger haglabyssuskotfimi hjá Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar. Og báðar hafa þær tvívegis farið til útlanda og keppt í alþjóðlegri kvennakeppni í skotfimi sem nefnist Ladies International Grand Prix. Í fyrra skiptið sem þær kepptu, árið 2008, fóru leikarnir fram í Edinborg í Skotlandi, í ár var keppnin haldin í Uppsölum í Svíþjóð en á næsta ári verður keppnin haldin hér á landi. Ástæðan fyrir því að Ísland varð fyrir valinu var aðallega sú að vaskleg framganga þeirra Annýjar og Ingerar vakti áhuga aðstandenda keppninnar strax í Edinborg.



Inger Ericson gerir að hreindýri sem hún veiddi.

„Okkur gekk nú samt reyndar ekkert voðalega vel í keppninni í Svíþjóð," segir Anný og skellir upp úr. Hún viðurkennir því næst að þær stöllur hafi ekki lagt mikið kapp á æfingar þetta sumarið. Sænsku konurnar hafi því raðað sér í efstu sætin í þetta skiptið. Hins vegar er hún nokkuð viss um að íslenskar konur muni láta til sín taka í keppninni næsta sumar.

Fyrir utan æfingarnar fara þær stöllur á veiðar. Í ár skaut Anný bæði hreinkú og kálf og verður kjötið af þeim nýtt í vetur. Segir hún að lítið mál sé að matreiða hreindýrakjöt. Það sé einfaldlega svo gott að það þoli flestar tegundir eldamennsku án þess að tapa bragðgæðum sínum. Nýti maður kjötið vel og vandi skotið sé lítið mál að skjóta hreindýr. Henni þyki líka eitthvað svo húsmóðurlegt og notalegt að eiga fulla frystikistu af góðu kjöti sem hún hafi orðið sér og fjölskyldunni úti um.

*karen@frettabladid.is*

# Jeppaferð á fjölskyldubílnum

**Vel lukkuð fjölskyldujeppaferð Bílabúðar Benna.**

Um sextíu bílar héldu af stað í jeppaferð Bílabúðar Benna laugardaginn 3. október. Hópurinn hreppti með eindæmum gott veður, kalt og bjart, og lék sólin við ferðalangana lengst af.

Jeppaferð Bílabúðar Benna er farin árlega og er stíluð inn á viðskiptavini og fjölskyldufólk. Með í för voru bæði mikið breyttir og ekkert breyttir jeppar enda markmið slíkrar ferðar að kynna jeppaeigendum landið, hvernig beri að haga akstri og hvernig ganga eigi um Ísland.

Eftir bráðgott morgunkaffi í höfuðstöðvum Bílabúðar Benna á Tangarhöfða var haldið af stað í nokkrum hópum inn í Hvalfjörð. Ekið var upp Dragháls og um Skorradal upp á línuveg á vit óbyggða. Norðan Skjaldbreiðar var áð og boðið upp á grill að hætti fjallamanna, hamborgara og pylsur sem runnu ljúflega niður.



Veðrið var yndisfagurt og útsýni til allra átta. MYND/AÐSEND

Ætlunin var að halda áfram og koma niður í Haukadal en vegna lélegrar færðar á Skessubásavegi sem fylgir háspennulínunni að Þórólfsfelli sneru flestir við og óku Kaldavatnsleið að Þingvöllum, sáttir eftir vel lukkaða ferð.

*- sg*




12 hundrað kallar frá einum Kópavogsbúa til annars

Ef þú gerist félagsmaður í Kópavogsdeild Rauða krossins leggur þú **1.200 krónur árlega** í að hjálpa Kópavogsbúum í vanda.

Við **aðstoðum bágstaddar fjölskyldur** í Kópavogi þegar á reynir.

Við rjúfum **einsemd og félagslega einangrun** með heimsóknum til þeirra sem á þurfa að halda.

**Skráðu þig á www.redcross.is/kopavogur í síma 554 6626 eða á kopavogur@redcross.is**

WWW.FORSTOFAN.COM

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöðin í Hamraborg 11 er opin virka daga kl. 10-16



# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI


Hyundai Santa Fe 2.7 V6, 08/2007 ekinn 52þús., Ssk, Leður, Dráttarkrókur, Filmur, Álfelgur, Verð 3.590.000.- Allt að 100% lán


Suzuki SX4 GLX 2.0 4x4, 06/2007 Ekinn 40þús., Ssk, Dráttarkrókur, Álfelgur, Verð 2.590.000.-


Toyota Corolla 1.6 H/B VVTi, 07/2004 Ekinn 61þús. Ssk, Sumar og Vetrardekk, Fallegt eintak, Verð 1.590.000.-

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

*Bílamarkaðurinn*
Smiðjuvegi 46E
v/Reykjanesbraut. Kopavogi, simi
567-1800
Löggild bílasala


Suzuki Grand Vitara 2002, Verð 1.250.000kr. Snyrtilegur bíll aukadekk. Bílamarkaðurinn, Smiðjuvegi 46, 200 Kópavogi. s. 567-1800 www.bbv.is

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

SPORT X


TILBOÐSDAGAR á VESPUM verð frá 195.000 kr. með skráningu full búð af frábærum og góðum Vespum sjáið fleyri tegundir á www.sportx.is

**Sport-X**
**Draupnisgötu 7, 600 Akureyri**
**Sími: 5642323 / 8976040**
**Verslun og viðgerðaþjónusta á staðnum**
**www.sportx.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast


LAND ROVER DISCOVERY SERIES II S. 7 MANNA, MIKIÐ ÚTBÚIN BÍLL Í TOPPSTANDI.. Árg. 2003, ekinn 108 þ.km, Sjálfskiptur. Verð 3.4 millj .... Rnr.128496.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

bifreiðasalan


NISSAN PATROL 3-2003 EK 187Þ SJÁLSSK. V-2590Þ tilboð 2250 RNR.131249 ATH SKIPTI


TOYOTA LC 90 2-2001 EK 205Þ 33" V-2390Þ tilboð 1990þ RNR.131245 ATH SKIPTI


TOYOTA LC 100 9-2000 35" EK 206Þ LEÐUR,LÚGA THEMS V-3490 tilboð 2990 RNR.131148 ATH SKIPTI


SUBARU JUSTY 7-2009 NÝR BÍLL TILBOÐ 1790 kostar nýr í IH 2690þ RNR.131190 ATH SKIPTI


SUBARU LEGACY 6-2006 EK 82Þ V-2490 100% LÁN RNR.131221 ATH SKIPTI


Landrover discoveri 1997 ek 165þ Bensín sjálfsk. v-690 RNR.131189

**Bifreiðasalan**
**Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

TOYOTA SELFOSSI


MMC Lancer (282003), ek 112.000, árg 2/2004, ssk, áhvílandi 1.050.000 með afborgun c.a 32.000, ásett verð 1.150.000 (á staðnum)


VW Golf GTI (1134533) ek 53.000, árg 6/2006, ssk, bíll með lúgu o.f.l , orginal felgur á nýjum dekkjum fylgja, er á góðum nagladekkjum ásett verð 2.990.000 (á staðnum)


Átt þú eftirfarandi ; Toyota Hiace árg 1990-1996 ,hilux árg 1985-2000, corolla 1990-1998 ef svo er hafðu samband í sima 4808000 TOYOTA SELFOSSI eða á www.toyotaselfossi.is


Toyota Hiace 6manna 4x4 disel, (230524), 09.2007, ek 44.000, álfelgur, aukasæti, krókur o.f.l frábært verð 2.990.000 (á staðnum)


Toyota Hiace 4x4 disel, (230507), 10/2006, ek 86.000, álfelgur, plata í botn, beisli o.f.l, einn eigandi ásett verð 2.990.000 (á staðnum)


Toyota Land Cruiser 120 VX disel, (137353), 8/2007, ek 44.000,ssk, fallegur bíll ásett verð 7.190.000. (á staðnum)


Toyota Land Cruiser 90 VX disel, (137343), 8.1997, ek 240.000, ssk, áhvílandi 1.349.000, afborgun c.a 22.000, ásett verð 1.410.000 (á staðnum)


Toyota Tundra Limited (137338), árg 2006, ek 69.000, ssk, einn með öllu á rosalega góðu verði, ásett 2.490.000. A.T.H fluttur inn af Toyota nýr. (á staðnum)

TOYOTA SELFOSSI


Toyota Land Cruiser 120 LX NÝR BÍLL, (272033), ek 300km, 2/2009, ssk, disel, samlitaður á 17" álfelgum, ásett verð 8.900.000 (á staðnum)


Toyota Avensis L/B (137363), ek 202.000, 9/1998, beinsk, álf, spoiler, filmur, ný kerti, nýr svissbotn, ný tímareim, skoðaður 2010, ásett verð 490.000 (á staðnum)


Toyota Corolla s/d (230534), ek 236.000, árg 1996, beinsk, skipt um tímareim í c.a 200.000km, ásett verð 290.000 (á staðnum)


MMC Carisma sjálfskiptur (137384), ek 178.000, árg 10/1998, nýjir diskar á framan og ný skoðaður, ásett verð 380.000 (á staðnum)


Suzuki Vitara (137280), ek 203.000, árg 3/1998, beinsk, bíll í frábæru standi og mikið endurnýjaður bíll, ásett verð 390.000 (á staðnum)

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

HÖFÐAHÖLLIN
NORÐURHELLA 8 • 221 HAFNARFJÖRÐUR
*flutt í fjörðinn!*


TOYOTA LAND CRUISER 90 VX Árgerð 2000. Ekinn 98 þ.km Verð kr. 1.790.000.

**Höfðahöllin**
**Norðurhella 8, 221 Hafnafjörður**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

NÝJA BÍLAHÖLLIN

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar til sölu


Opel Vektra disel árgerð 2009 ek. 12þ. km sjálfskiptur leður svartur ath. skipti á ódýrari uppl. í síma 848-4490.


Hyundai I-10 disel 2009 ek. 0 km beinskiptur 5 dyra ( hagkvæmur í rekstri) ásett verð 2390.000,- ath skipti á ód. uppl. í síma 848-4490.


Isuzu D-max 2009 ek 1 þkm sjálfskiptur disel ath skipti á odýrari uppl í sima 895-5577


Toyota Corolla 2007 ek. 48þ.km beinsk. vetrardekk ásett verð 2190.000,- ath. skipti á ódýrari. Uppl. í síma 848-4490.


Nissan Navara árg. 12/'07 ek. 24 þús. V. 4.690 kr. Góður stgr. afsl. S. 896 5658.


Til sölu Toyota Corolla liftback 94 beinskipt ekinn 181 þús 1300" sk 10,dráttarkrókur,geislaspilar og fleira.Sparibaukur á hjólum verð 180.þús uppl í sima 692-8188


7 manna. Til sölu Opel Sintra árg. '99 2.2 E. (fjölnota bíll). Ný upptekið hedd og tímareim. Bíll í góðu lagi. V. 390þús. S. 898 8835.


**ÚTSALA 590Þ. STGR.**
Opel Astra árg. '03 ek. 77þ. 5g., eyðir ca. 7l/100. Sumar og vetrad. á felgum. Ásett verð 850þ. en þessi fæst á 590þ. stgr. Uppl. í s. 898 8835.

Við stórlækkum sölukostnað!
Skráðu bílinn hjá okkur - frítt!
NETBÍLAR
www.netbilar.is

**Viltu skipta, kaupa eða selja ?**
Netbílar.is bjóða þér uppá eitt mesta úrval landins og stórlækkaðan sölukostnað. Kynntur þér málið Netbílar.is Hlíðasmára 2 s: 588-5300


Chrysler Town & Country 2007 15 þús km. stuttur. Verð 3.690.000 Ágúst 8407080.


Nissan Vanette árg. '02 disel ek. 100þ. Nýsk. Verð 370þ. S. 867 3022.

Reno traffic árg. 11/05. 9 manna, ek. aðeins 68 þ. km. Einn eigandi frá upphafi. Disel, hagkvæmur í rekstri. Verð 3.390 m. Uppl. 895 5577.

Vel með farinn silfurgrár Toyota Yaris Sol árgerð 2006, 5 dyrar, mms skipting, ekinn 44 þ.km..Tilboð óskast. Uppl. í síma 866-3491.

VW Polo árg. '95 til sölu. Ek. 150 þús. Nýsk. V. 170 þús. S. 698 0627.

## Til sölu

### Umboðssala

Tökum í umboðssölu notaðar vinnuvélar, vörubíla, byggingakrana ofl.
Góð markaðssetning og tengslanet víða um heim



Frekari upplýsingar veita sölumenn

**KRAFTVÉLAR**
Dalvegi 6-8 // 201 Kópavogur // S: 535 3500 // www.kraftvelar.is

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, flest tölvuvandræði leyst. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

## Nudd

**NUDD**
Whole body massage. S. 841 8529.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s 857 5024.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s. 857 4850 & 849 3242.

Frábært heilnudd, fantastic massage. S. 869 8076 & 894 6823.

Whole body massage. Tel. 849 5247.

## Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

**Kærleiks-ljósið**
Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla
VISA 566 7311 EURO

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Ólöf spámiðill**
Er á landinu. Leiðsögn, spádómar. Vantar þig hlustanda eða ráðgjöf. Spái í spil, tarrot ofl. S. 905 2500 frá kl. 17-23, helgar 11-24. Geymið auglýsinguna.

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Simi 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

**smidaland.is**
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

Húsasmíðameistari, félagi í Meistarafélagi Húsasmiða getur bætt á sig verkefnum. Upplýsingar í síma 699-5487. Verðtilboð ef þess er óskað.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Öryggis- og peningaskápar.

**Motor sport**



**Þjófavarnirnar komnar aftur!**
Nú einnig með reykskynjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörnin hringir í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla aukahluti. Verð 23.900.-

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

Ísskápur á 15 þ. Þvottavél á 20 þ. Barkalaus þurrkari á 20 þ. Uppþvottavél á 20 þ. Eldavél á 10 þ. Bakaraofn á 10 þ. Barnakerra á 4 þ. Vaskur á 5 þ. Bílageislaspilari á 8 þ. 20" tv á 5 þ. S: 896 8568

Eldhúsinnrétting á 17.000, 6 lengdarm. hvítt harðpl. & palisander. S. 565 3133

Til sölu vínrautt handofið ullarteppi frá Afganistan. Stærð 2 x 3 metrar. Matsverð c.a. 300 þús kr. Möguleg skipti á málverki. Nánari uppl. í s. 561 2066.

7 blóm myndir, krónur 770.000.000.0 00.000.000.000.000,00. Krónur. Edda. S. 552 5880.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**

**Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar.is**
**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**

**Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kamina - Arinn**
Óska eftir að kaupa Kaminu. Nýja eða notaða. S. 896 3420.

**Gámur**
Óska eftir að kaupa tvo gáma, skrifstofu, wc o.fl. Samsetta eða ósamsetta. Stgr. Uppl. í s. 863 3328 & 896 3420.

## Vélar og verkfæri

Til sölu MIG suðuvél 250 mph. Verð 30þús. Uppl. í S. 699 4659.

## Til byggingu



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 555 7905 og ulfurinn.is

## Verslun

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is



**Konukvöld í kvöld milli kl. 18:00-20:00**
Volare kynning. Volare býður upp á fjölbreyttar vörur fyrir húð hár og heilsu 10% afsláttur af öllum vörum. Emilía Bláu húsin Faxafeni clamal.is s: 588-9925

# HEILSA

## Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**J. B. HEILSULIND Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur, Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Námskeið

Weight loss challenge. Öfrá pláss laus . Ert þú að berjast við aukakílóin , talaðu þá við mig . Ingunn Einkaþjálfari í síma 849-9784

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Lausir tímar. Guðrún 695 5480.

Auglýsingasími 512 50 50 - Mest lesið

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**Leirmótunarnámskeið, glerbræðslunámskeið og skartgripanámskeið.**
**Næsta leirnámsk. Byrjar 20 október,upplagt að útbúa gjafirnar sjálfur núna í kreppunni. Allt til leir, gler og skartgripagerðar, yfir 300 gerðir af perlum og náttúrusteinum. Gott verð.**
**Glit ehf Krókhálsi 5 110 Rvk**
**s. 587 5411 www.glit.is**



**Smáskipanámskeið - Skemmtibátanámskeið**
Smáskipanámskeið 26.10. - 5.12., fjarnám eða staðarnám. Skemmtibátanámskeið, fjarnám 26.10 - 5.12, staðarnám, 14. - 19.11. Skráning á www.tskoli.is Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Hreinræktaðir Labrador hvolpar til sölu. Tilb. til afhendingar. V. 60þús. Upp. í s. 694 8861.

Til sölu 60L. fiskabúr. M/loki og ljósi. Hreinsari, loftdæla, hitari. 4 stórir fiskar. 2 pör. Lítið seiðabúr fylgir m/hitara og hitamæli. Verð 20þús. S. 864 8918.

Til sölu hreinræktaðir langhunda hvolpar. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 863 0474 og www.123.is/manaskin.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að interneti, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**



Til leigu eða sölu öll skipti skoðuð. Flott eign í Keflavík http://www.fasteignahollin.is/ nánir uppl. 862 6960.

**Nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, Ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós.**
**Fylgist með á www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 772 7553.**

Einstaklingsíbúðir/ herbergi til leigu í hverfi 101. Uppl. í s. 661 1247 og 694 6396 á milli kl: 17-21 alla virka daga.

Vel með farin 53fm 2herb. íbúð í tvíbýli með sérinngangi. Leiga aðeins 88þ. Rafm. og hiti ekki innif. Laus 1 nóv. strax. Uppl. í s. 770 7654.

Til leigu er 3 herbergja íbúð á rólegum stað í gullsmára í kópavogi.íbúðinn er á jarðhæð og er vel rúmgóður pallur með henni.íbúðinn leigist á 135.000 kr og + rafmagn. Íbúðin er laus. A.t.h íbúðinn er reyklaus og gæludýr bönnuð. Frekari uppl í síma 692 8188.

Björt og snyrtileg 65fm íbúð með sér inng. ,í hverfi 112,Rvík. Leiga 100þ m.hita/rafm vatnstr.uppl.í s. 659 6118.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Til leigu 240 frm íbúð á Kjalarnesi. 4 herbergi stofa eldhús og bað. Verönd og pottur. 150 þús á mán, einnig 500 frm iðnaðarhúsnæði með innk hurðum og útisvæði. Gott verð. s-6151226

3 herb. 83m2 íb. í þríbýli staðsett í hjarta Hfj. til leigu, laus strax á 105 þ. með hita og hússjóð. Sérinngangur. Uppl. veittar í s. 897 1923.

Til leigu tvær 2. herb. íbúðir í einbýli í norðurbæ Hafnarfjarðar. Önnur er ný glæsileg 62m2 leigist á 95.000.- hin er 54m2 og leigist á 70.000.- Leigjast barnl. einstakl. eða pari, engin gæludýr, reyklausar íbúðir. Rafmagn og hiti innif. Enginn hússjóður, lausar strax. Sjá myndir: http://abstrakt.is/leiga/default.htm Uppl. í síma 822 1216.

Björt og falleg 2 herbergja íbúð í fjölbýlishúsi. á Flyðrugranda. Íbúðin er nýuppgerð með parketi og rúmgóðum svölum. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni og sér geymsla í kjallara. Stutt í skóla og þjónustu. Upplýsingar í 899-6962.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Reglusöm kona.Óskar eftir stúdió eða stóru herbergi til leigu.ÍGarðabæ eða Kópavogi.S 6991159

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu Síðumúla 100 fm skrifstofur. Ármúla 2.300 fm skrifstofur. Upplýsingar um þessi og önnur atvinnuhúsnæði í 534 1020. Atvinnueignir

## Geymsluhúsnæði




**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**Geymsluhús.is**
Mjög gott 3000m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar ofl. ATH!gott verð!! Uppl. í síma 770-5144.

**Geymsluþjónusta**
Geymi tjaldvagna, fellihýsi, mótorhjól. Staðsetning Breiðholt. S. 892 4424.

Geymsla f. tjaldv.fellih.hjólh. rétt hjá Flúðum. upphitað. s.863-8099

**Geymsluhús.is**
Tjaldvagnageymsla 770-5144

**Geymslupláss**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Gisting

stracta

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## Til sölu



## Tilkynningar

# Nám í Danmörku

Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám

Erhvervsakademiet Lillebælt (áður Odense Tekniske Skole) heldur kynningu á námi við skólann miðvikudaginn 14. október 2009 kl. 20.00 í Húsi meistaranna að Skipholti 70.

**Eftirfarandi námsgreinar verða kynntar:**
Byggingaiðnfræði
Byggingafræði
Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði
Framleiðslutækni
Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði
Margmiðlunarhönnun
Útflutningstæknifræði
Orkutækni

Erhvervsakademiet Lillebælt er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is

Erhvervsakademiet Lillebælt
Munke Mose Allé 9
5000 Odense C
Danmark
tlf. 0045 - 70105800
heimasíða: www.eal.dk
E-mail: eal@eal.dk



SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Auglýsing til sveitarstjórna

**um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2009/2010.**

Með tilkynningu þessari vill ráðuneytið gefa sveitarstjórnum kost á að sækja um byggðakvóta, fyrir fiskveiðiárið 2009/2010, á grundvelli 10. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum. Sveitarstjórnir eru umsóknaraðilar fyrir byggðarlögin innan sveitarstjórnarumdæmanna og annast þær öll samskipti við ráðuneytið, sem nauðsynleg eru vegna úthlutunarinnar.

Umsóknarfrestur um byggðakvóta er til 28. október 2009. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.

Til greina við úthlutun byggðakvóta koma:

1. Minni byggðarlög (viðmiðun er 1.500 íbúar), sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og sem háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski. Skal sveitarstjórn gera ráðuneytinu ítarlega grein fyrir vanda byggðarlagsins sem talið er að rekja megi til samdráttar í sjávarútvegi á síðustu árum og fyrir þýðingu veiða og vinnslu botnfisks fyrir það byggðarlag.

2. Byggðarlög sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í þeim. Sveitarstjórnir skulu leggja fram gögn, sem sýna fram á að í tilteknu byggðarlagi hafi óvænt skerðing heildaraflaheimilda fiskiskipa sem gerð eru þaðan út og landað hafa þar afla, hafi haft veruleg neikvæð áhrif á atvinnuástand í viðkomandi byggðarlagi.

Að fengnum umsóknum sveitarfélaga tekur ráðuneytið ákvörðun um hversu mikill byggðakvóti kemur í hlut einstakra byggðarlaga og tilkynnir sveitarstjórnum niðurstöðuna.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.*

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Hólmsheiði, nýtt athafnasvæði

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Hólmsheiði, nýtt athafnasvæði merkt A3 á Aðalskipulagi. Svæðið er staðsett norðan Suðurlandsvegar milli Hafravatnsvegar og hesthúsasvæðis í Almannadal. Megin markmið tillögunnar eru fjölbreytt framboð lóða með góðum tengingum við megin umferðarkerfi ásamt því að fella byggðina vel að náttúrulegum aðstæðum. Heildarstærð svæðisins er 132 ha og þar af eru u.þ.b. 69 lóðir af ýmsum stærðum allt frá 0,1 ha upp í 10 ha, flestar eru lóðirnar 0,1 – 0,5 ha. Jafnframt eru til kynningar greinargerð skilmála svæðisins og umhverfisskýrsla. Auglýsing varðandi sama svæði frá 2007 fellur úr gildi við auglýsingu þessa
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

## Starengi 6

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Engjahverfi vegna lóðarinnar að Starengi 6. Í breytingunni felst að nýtingu áhaldahúss á lóðinni er breytt í íbúðareiningu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

## Keilugrandi 12

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Eiðsgranda vegna lóðar Grandaskóla að Keilugranda 12. Í breytingunni felst að boltagerði verður staðsett á suðausturhluta lóðar og lóðarafmörkun skólans breytt.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

## Egilsgata 3

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar að Egilsgötu 3. Í breytingunni felst að byggð verður þriggja hæða viðbygging norðvestan við núverandi hús Domus Medica ásamt bílgeymslu á tveimur hæðum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

## Áland/Furuborg

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Borgarspítala vegna lóðar leikskólans Furuborg. Í breytingunni felst stækkun lóðar og byggingareits auk fjölgunar á bílastæðum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 14. október 2009 til og með 25. nóvember 2009**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 7. október 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 14. október 2009
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

## Gisting

Ódýr gisting í Keflavík. Lítið timburhús. Stutt tíma leiga (helgar,vikur,mánuðir). Upplýsingar í síma 693 4412 eða sendist með pósti jonakatrin4@gmail.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Póst húsið

Pósthúsið er dreifingarfyrirtæki á landsvísu. Vegna aukinna verkefna leitum við eftir aðilum til samstarfs í dreifingarverkefni á Selfossi og Suðurnesjum einn til tvo daga í viku. Áhugasamir hafa samband við Siggu Birtu í s.585-8330 eða í gegnum tölvupóst siggabirta@posthusid.is

GRÆNI RISINN

**Líflegur, framandi, spennandi, ögrandi, ef þú finnur að eitthvað af þessu eigi við þig þá ert þú manneskjan sem við leitum af. Græni risinn er nýr heilsuréttastaður með ferskleikan að leiðarljósi, okkur vantar rétta fólkið með okkur og leitum af fólki í eftirfarandi stöðugildi : þjónustu í sal, afgreiðslu, bökubakstur og matreiðslu. Reynsla er ekki skilyrði enn hjálpar auðvitað til ef þú ert áhugasamur og hress persóna þá skiptir það meira máli enn reynslan, allur aldur og þjóðerni velkomin. Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar fást á staðnum frá kl. 9:00-15:00 Græni Risinn Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi. Sími 533 6300**

Nesbyggð
við byggjum fyrir þig

**Pípari óskast:**
Nesbyggð ehf óskar eftir pípulagningamanni, þarf að vera vandvirkur og getað starfað sjálfstætt. Umsóknum skal skila á heimasíðu Nesbyggðar www.nesbyggd.is.

fiskmarkaður grimseyjar vantar tvær harðduglegar stelpur í ákveðinsvinnu (stokka upp linu) upplysingar í sima 8643150 8933185 eða grimseyhh@simnet.is fiskmarkaður grimseyjar need two hardworking girls fore specific work.

Snyrti-, nudd-, nagla- og fótaaðgerðafræðingar/meistarar óskast til starfa. Frekari upplýsingar í síma: 6601792 eða thorunn@mizu.is

Erótísk nuddstofa óskar eftir stúlkum í vinnu á virkum dögum. Mjög góð laun í boði. Áhugasamir hafið samband í S:698 4105 eða á nuddstofa09@gmail.com

Stálsmiðja óskar eftir starfskrafti. Aðeins íslenskumælandi vinnusamir og vanir koma til greina. Æskilegur aldur 23+. Uppl. sendist á skh@internet.is

## Atvinna óskast

Förðunarfr. nýkomin frá Kanada óskar eftir vinnu. Margt kemur til greina. S. 618 4969.

Húsasmiður getur bætt við sig verkefnum. S. 534 8555.

Smiður óska eftir vinnu. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 893 5908.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Kona á besta aldri vill kynnast karlmanni með tilbreytingu og ævintýri í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatortg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8197.

Kona með yndislega rödd leitar kynna við karlmann með notalegar stundir í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatortg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8658.

Góð kona vill kynnast hressum og heiðarlegum manni, 60-70 ára. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatortg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8950.

Sjóðheit upptaka ungar konu sem af einstakri innlifun deilir með þér sínum dýpstu tilfinningum. Upptakan er hjá Sögum Rauða Torgsins, s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), uppt.nr. 8319.

Góðhjartaður, rólegur og reglusamur 66 ára ekkill, er býr einn í 4ra herb. íbúð óskar eftir að kynnast góðri og yndislegri konu á aldrinum 50-60 ára eða á svipuðu reki með náin kynni í huga. svör sendist fbl merkt „algjör trúnaður66".

## Tilkynningar

MOSFELLSBÆR

# Breyting á aðalskipulagi við Skarhólabraut

Forkynning

Í undirbúningi er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024. Í breytingunni felst að settur er inn 1,6 ha reitur með skilgreiningunni „svæði fyrir þjónustustofnanir" norðan Skarhólabrautar næst Vesturlandsvegi. Ástæða breytingarinnar er sú, að stefnt er að því að á þessum stað rísi sameiginleg slökkvi- og lögreglustöð í samræmi við óskir Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins og lögreglustjóra.

Kynning á tillögunni, markmiðum hennar og forsendum, sbr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga, stendur nú yfir á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is/ Tillagan er einnig til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 1. hæð. Athugasemdum og ábendingum má koma á framfæri við undirritaðan (netfang: finnur@mos.is).

Stefnt er að því að fullbúin tillaga verði lögð fyrir bæjarstjórn 21. október n.k. Hljóti hún samþykki, verður næsta skref í skipulagsferlinu að auglýsa hana skv. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga með 6 vikna athugasemdafresti.

13. september 2009
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# Geðfræðsluverkefni Hugarafls

UMRÆÐAN
Steindór J. Erlingsson skrifar um fræðslustarf


STEINDÓR J. ERLINGSSON

Hvað eigum við að gera ef þau ráðast á okkur“? Þessa spurningu fékk kennari þegar hann undirbjó bekkinn sinn fyrir heimsókn frá fulltrúum Geðfræðslunnar, sem allir eru notendur geðheilbrigðisþjónustunnar (hér eftir: notendur) á góðum batavegi. Hér er um að ræða fræðsluverkefni Hugarafls, félags notenda og fagaðila, sem nú er að hefja sitt þriðja starfsár. Síðastliðinn vetur héldum við á fimmta tug fræðslustunda. Flestar þeirra fóru fram í efstu bekkjum grunnskóla en að auki heimsóttum við nokkra framhaldsskóla og Fjölsmiðjuna. Markmið verkefnisins er að draga úr fordómum gegn notendum, auka skilning á geðröskunum og kynna einfaldar leiðir til þess að bæta líðan einstaklingsins. Lítum nánar á verkefnið.

*Reynslan sýnir að Geðfræðslan er öflugt tæki til þess að opna fyrir slíka umræðu ekki síður en að draga úr ranghugmyndum og fordómum sem beinast gegn þeim sem eiga við geðraskanir að stríða.*

Geðfræðslan fer þannig fram að tveir félagar úr Geðfræðsluhópnum eyða einni kennslustund (40-60 mínútum) með hverjum bekk. Tala þeir hvor í 10-12 mínútur um baráttu sína við geðröskunina og fara síðan fram umræður. Við leggjum sérstaka áherslu á bjargráð sem fela í sér að ungmennin snúi ekki baki við vinum í vanda og mikilvægi tilfinningalegra tjáskipta við vini, foreldra, kennara eða aðra sem þau treysta. Reynum við einnig að hafa húmorinn ekki langt undan.

Það er ótrúleg tilfinning að standa fyrir framan heilan bekk og tala um baráttu sína við erfiða geðröskun. Þegar við hefjum mál okkar er ljóst að ungmennin vita ekki alveg í hvorn fótinn þau eiga að stíga. Eins og spurningin í upphafi greinarinnar ber með sér virðast sum ungmennanna smeyk við okkur. Endurspeglar þetta fordómafull viðhorf margra þeirra til notenda. Þetta vitum við því kennari í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu lét nemendur sína vinna verkefni að lokinni heimsókn okkar og fengum við umsagnir frá 65 nemendum. Mörg þeirra héldu að notendur væru „froðufellandi fólk í spennitreyju inni á Kleppi“. Á einu augnabliki tekst okkur að eyða þessari algengu ranghugmynd og koma þeim í sanninn um að við lítum „út eins og venjulegar manneskjur“.

Næsta hindrun sem ungmennin þurfa að yfirstíga er þegar við förum að tala á broslegum nótum um okkur sjálf. Þá koma venjulega geiflur á andlitin ungu, þau horfa hvert á annað og bíða eftir að einhver hafi kjark til þess að hlæja. Þau hugsa líklega hvort það samrýmist mannasiðum að hlæja að fólki sem á við svona alvarleg veikindi að stríða, enda kemur það ungmennunum „á óvart að þeir gætu gert grín að veikindum sínum þrátt fyrir öll þessi áföll“. Þegar þau þora að hlæja, oft eftir að kennarinn hefur brotið ísinn, finnst þeim ánægjulegt „að sjá hvað þau litu húmorískum augum á það liðna“.

Af framansögðu má ráða að Geðfræðslunni verður nokkuð vel ágengt í að breyta viðhorfum ungmennanna sem á okkur hlýða. Eftir stendur spurningin hvort okkur tekst að minnka eða eyða fordómum þeirra? „Já, fordómar hafa minnkað.“ Þetta er samdóma álit allra nemendanna enda viðkenna þau flest „að við höfum verið með svolitla fordóma“. Sumir lýstu því beinlínis yfir að „maður hætti samstundis öllum þessum fordómum sem maður hafði um geðraskanir“. Það er því ljóst að Geðfræðslan er árangursríkt tæki til þess að berjast gegn hinum landlægu fordómum sem beinast gegn notendum.

Frásagnir nemendanna bera einnig með sér að bjargráðin sem við gerum að umtalsefni virðast sitja eftir í hugum þeirra. Sumir bentu á að „eftir þessar frásagnir getur maður einnig lært hvernig maður á að bregðast við ef eitthvað skyldi henda mann sjálfan“. Öðrum kom á óvart að einkenni eins úr Geðfræðsluhópnum hurfu á einum tímapunkti „bara við það að segja foreldrum sínum frá“. Það er því ljóst að nú vita þau hvernig á „að bregðast við þegar maður sjálfur eða einhver annar lendir í þunglyndi“.

Nú þegar óveðursský kreppunnar halda áfram að hrannast upp yfir þjóðinni er mikilvægt að fólk sé meðvitað um að sjálfsagt og eðlilegt er að tala um tilfinningar sínar ef illa stendur á. Reynslan sýnir að Geðfræðslan er öflugt tæki til þess að opna fyrir slíka umræðu ekki síður en að draga úr ranghugmyndum og fordómum sem beinast gegn þeim sem eiga við geðraskanir að stríða. Þeir grunn- og framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu sem áhuga hafa á Geðfræðslunni geta sent fyrirspurnir á netfangið gedfraedslan@gmail.com eða til Hugarafls, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

*Höfundur er vísindasagnfræðingur.*




vísir.is
„...ég sá það á vísi“

DWIGHT D. EISENHOWER FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1890.

*„Einungis Bandaríkjamenn geta skaðað Bandaríkin.“*

***Eisenhower var forseti Bandaríkjanna fyrir repúblikana á árunum 1953 til 1961.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 14. OKTÓBER ÁRIÐ 1961

## *Aldarafmælis Bjarna minnst*

Aldarafmælis séra Bjarna Þorsteinssonar var minnst þennan dag árið 1961 og voru vegleg hátíðarhöld af því tilefni á Siglufirði þar sem hann þjónaði samfleytt í 47 ár. Hátíðarhöldin stóðu í tvo daga og voru haldnir tónleikar og guðsþjónustur í minningu hans auk þess sem ævisaga hans, Ómar frá tónskáldsævi, eftir Ingólf Kristjánsson kom út.

Bjarni var prestur og tónskáld en er þekktastur fyrir að hafa safnað íslenskum þjóðlögum. Hann var brautryðjandi í íslensku tónlistarlífi og samdi fjölda alkunnra laga. Hann hafði með messusöngvum sínum mikil áhrif á söngmennt í kirkjum landsins.



Bjarni hóf að safna þjóðlögum í kringum 1880 en þá tók hann eftir því að hann fann hvergi í söngvabókum ýmis lög sem hann hafði lært á uppvaxtarárum sínum. Hann mætti litlum skilningi þegar hann fyrst ljáði máls á mikilvægi þess að skrá þessi lög en á árunum 1906 til 1909 kom þjóðlagasafn hans út með styrk úr Landssjóði og danska Carlsbergsjóðnum. Síðar fékk hann prófessorsnafnbót fyrir verkið.

**BJARNI ÞORSTEINSSON** Prestur og þjóðlagasafnari á Siglufirði

### MERKISATBURÐIR

**1201** Guðmundur Arason, prestur á Víðimýri, er kjörinn biskup á Hólum.

**1863** Fjórir Íslendingar, sem fluttust til Brasilíu, komu til Rio de Janeiro eftir þriggja mánaða ferð. Þetta var upphaf ferða til Brasilíu en þær urðu undanfari fólksflutninga til Kanada og Bandaríkjanna um og upp úr 1870.

**1953** Núverandi merki Atlantshafsbandalagsins er tekið upp.

**1964** Rafreiknir Háskóla Íslands kemur til landsins og þótti hann afkastamikið tæki.

**1964** Martin Luther King, Jr. hlýtur friðarverðlaun Nóbels.

**1981** Hosni Mubarak er kjörinn forseti Egyptalands.



**SALURINN** Annað kvöld verða haldnir tónleikar til styrktar Heilaheill-

# Styrktartónleikar Heilaheilla

Sungið verður til styrktar börnum sem eiga foreldri sem fengið hefur heilablóðfall í Salnum í Kópavogi í kvöld klukkan átta og svo á Græna hattinum klukkan níu á fimmtudagskvöld. Á báðum tónleikunum kemur fjöldi tónlistarmanna fram, í Salnum mun til dæmis KK, Magnús Þór, Baggalútur, Villi naglbítur og Þórunn Lárusdóttir söngkona, sem einnig er verndari styrktarsjóðs samtakanna, taka lagið. Á Akureyri eru það Hvanndalsbræður, Magni, Rúnar EFF og Pálmi Gunnarsson sem ætla að taka lagið svo einhverjir séu nefndir.

Styrktarsjóðurinn Faðmur-Heilaheill stendur fyrir skemmtidagskránni. Miðaverð er 2.000 krónur. Nánari upplýsingar má sjá á síðunni heilaheill.is.



†

*Ástkær sonur okkar og bróðir,*

**Stefán Már Harðarson**

Múlasíðu 7d, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Glerárkirkju fimmtudaginn 15. október kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, reikningsnr. 301-26-545, kt. 630591-1129, s. 588-7555.

**Bára Waag Rúnarsdóttir** **Jóhann Helgi Steinarsson**
**Marta Ósk Jóhannsdóttir**
**Almar Ingi Jóhannsson**
**Hörður Guðmundsson**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Jakobsson**

Lerkilundi 18, Akureyri,

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 12. október. Útförin auglýst síðar.

**Guðrún Helgadóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




**EINSTÖK STARFSEMI** Starfsemi félagsins hefur vakið athygli erlendis enda er fátítt að bæði sjó- og landbjörgun byggi eingöngu á sjálfboðaliðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG: ER TÍU ÁRA

# Byggir á óhemju duglegu fólki

Slysavarnafélagið Landsbjörg fagnaði tíu ára afmæli í byrjun mánaðarins en það varð til við sameiningu Slysavarnafélags Íslands sem var stofnað árið 1928 og Landsbjargar, landssambands björgunarsveita sem var stofnað árið 1991. Félagið byggir því á gömlum grunni en sameiningin hafði í för með sér mikið hagræði.

„Við það færðust allar björgunarsveitirnar undir einn hatt sem veitir betri yfirsýn yfir stefnumótun, þjálfun og rekstur,“ segir Kristinn Ólafsson framkvæmdastjóri félagsins. Því tilheyra nú 95 björgunarsveitir í öllum helstu þéttbýliskjörnum landsins. „Þær eru í raun sjálfstæðar rekstrareiningar sem sækja þjónustu til okkar en við rekum til dæmis björgunarskóla og höfum umsjón með sameiginlegum fjáröflunum,“ segir Kristinn.

Innan félagsins eru einnig fimmtíu slysavarnadeildir en þær vinna bæði að slysavörnum og fjáröflun. „Innan þeirra eru svokallaðar kvennadeildir en konur höfðu einmitt frumkvæði að stofnun Slysavarnafélags Íslands á sínum tíma. Þær voru margar eiginkonur sjómanna sem höfðu horft á eftir sínum nánustu í vota gröf og vildu leggja sitt af mörkum. Þriðji fóturinn í félaginu er síðan unglingastarfið sem við erum að byggja upp og eru nú starfandi fimmtíu unglingadeildir um allt land. Þar fá þrettán til sextán ára ungmenni að kynnast starfsemi björgunarsveitanna frá ýmsum hliðum auk þess sem um er að ræða heilbrigðan og góðan félagsskap.“

Allir félagar björgunarsveitanna gefa vinnu sína og segir Kristinn það vekja mikla athygli víða erlendis en þar er fátítt að bæði sjó- og landbjörgun byggi eingöngu á sjálfboðaliðum. „Svo má ekki gleyma atvinnurekendum sem margir gefa starfsmönnum sínum í björgunarsveitunum frí þegar til útkalla kemur auk þess sem flestir starfsmennirnir halda launum sínum á meðan.“

Um átján þúsund manns eru skráðir í félagið en um 3.000 eru á svokölluðum útkallalista. Þetta fólk þarf að sækja fjölmörg námskeið og vera í stöðugri þjálfun. „Til að gefa gleggri mynd af starfseminni má nefna að á bak við hverja klukkustund sem við erum í útkalli liggja tíu klukkustundir í fjáröflun og þjálfun og því er ljóst að starfsemin byggir á óhemju duglegu fólki,“ segir Kristinn.

Helstu fjáröflunarleiðirnar eru flugeldasalan fyrir áramót og Neyðarkall björgunarsveitanna sem er seldur í nóvember en auk þess fær félagið styrki frá ríkinu til að reka Slysavarnaskóla sjómanna, sporhunda, björgunarskólann og ýmis tæki og tól.

Haldið var upp á áttatíu ára afmæli Slysavarnafélags Íslands í fyrra og af því tilefni var opnuð sögusýning í Samgöngusafninu á Skógum sem stendur enn. Um þessar mundir er Saga film síðan að vinna heimildarmynd um félagið. „Um er að ræða þriggja ára verkefni og eru kvikmyndatökumenn búnir að fylgja okkur eftir í tvö ár. Nú þegar er til mikið efni og verður spennandi að sjá útkomuna.“ **vera@frettabladid.is**

# Framkvæmt í Skógum

Hafnar eru framkvæmdir við nýtt geymslu- og verkstæðishús við Samgöngusafnið í Skógum undir Eyjafjöllum. Húsið verður 1.380 fermetrar að grunnfleti en auk þess er gert ráð fyrir um 500 fermetra millilofti sem verður framtíðargeymsla fyrir safngripi Byggðasafnsins. Í húsinu verður komið upp aðstöðu til forvörslu á safnmunum og til að gera upp bíla og vélar sem eru í eigu þess.

Söfnin í Skógum hafa verið í örum vexti undanfarin ár. Árið 1995 var aðalbygging Byggðasafnsins tekin í notkun, þremur árum síðar var Skógakirkja vígð og árið 2002 var Samgöngusafnið í Skógum opnað. Þetta nýja hús mun leysa brýna þörf fyrir geymslurými sem er af skornum skammti í núverandi húsum.



**FYRSTA SKÓFLUSTUNGAN** Ólafur Eggertsson, bóndi á Þorvaldseyri, formaður safnstjórnar og oddviti Rangárþings eystra, tók fyrstu skóflustunguna að viðstaddri stjórn safnsins.

Geymsluhúsið verður stálgrindarhús sem byggt verður með hefðbundnum hætti, en ekki notast við tilbúnar einingar í þak og veggi. Þetta skapar meiri vinnu á staðnum. Vonast er til að þessi framkvæmd komi til með að skapa atvinnu fyrir heimamenn næstu misserin en áætluð verklok eru haustið 2012.

Skógar er vinsæll ferðamannastaður og fær Skógasafn yfir 40 þúsund gesti árlega. Byggðasafnið í Skógum er stærsta byggðasafn landsins og Samgöngusafnið í Skógum hefur þróast hratt þótt ungt sé og stöðugt berast því munir til varðveislu. Um 250 þúsund gestir hafa skoðað Samgöngusafnið frá opnun þess í júlí 2002.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurlaug Jónsdóttir**

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 10. október. Útförin verður auglýst síðar.

**Pálína Oswald** **Edvard Pétur Ólafsson**
**Kristján Andreas Ágústsson** **Bryndís Konráðsdóttir**
**Jón Frímann Ágústsson** **Hallfríður Ólafsdóttir**
**Þórður Ágústsson** **Anne S. Svensson**
**Guðríður Ágústsdóttir** **Gunnlaugur Kr. Gunnlaugsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ævarr Hjartarson**
ráðunautur,
Furulundi 33, Akureyri,

lést miðvikudaginn 7. október. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 16. október kl. 10.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjálfsbjörg, Akureyri.

**Freydís Laxdal**
**Hrafnhildur L. Ævarsdóttir** **Stefán S. Ólafsson**
**Harpa Ævarrsdóttir**
**Haraldur B. Ævarsson** **Elín S. Ingvarsdóttir**
**Andri Fannar, Alma, Atli Snær, Ævarr Freyr og Jóhanna Margrét.**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát*

**Hjartar Guðmundssonar**
fyrrverandi leigubifreiðarstjóra.

Útför Hjartar fór fram í kyrrþey að hans ósk. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á elli- og dvalarheimilinu Grund.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Haraldar Alberts Guðlaugssonar**
Hraunbæ 103.

Sérstakar þakkir til starfsfólks L5 á Landakoti og hjúkrunarheimilisins Skjóls.

**Unnur Lilja Hermannsdóttir**
**Heba Gunnrún Haraldsdóttir**
**Una Guðlaug Haraldsdóttir** **Örn Sigurðsson**
**Haraldur Örn Arnarson**
**Friðjón Arnarson**



*Ástkær sambýliskona, móðir, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,*

**Guðrún Lára Kjartansdóttir**
Heiðarhjalla 29, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans Kópavogi fimmtudaginn 8. október. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 16. október kl. 13.00.

**Bjarni Sólbergsson**
**Jón Kjartan Kristinsson** **Elsa Guðrún Jóhannesdóttir**
**Arnar Jónsson**
**Karítas Jónsdóttir**
**Kjartan Kjartansson** **Halla Guðmundsdóttir**
**Kristín Kjartansdóttir**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi , langafi og langalangafi,*

**Arinbjörn Sigurðsson**
skipstjóri,
Sóleyjarima 19, Reykjavík,

lést að heimili sínu laugardaginn 10. október. Útförin fer fram föstudaginn 16. október kl. 13.00 frá Grafarvogskirkju. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Lilja Magnúsdóttir**
**Ólafía Arinbjörnsdóttir**
**Guðmundína Arinbjörnsdóttir** **Emil Þór Sigurlaugsson**
**Magnús Arinbjörnsson**
**Sigurður Arinbjörnsson** **Hulda Hafsteinsdóttir**
**Sigurmundur Arinbjörnsson** **Hugborg Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför, eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Steinþórs Viggós Þorvarðarsonar**
Tjarnarási 16, Stykkishólmi.

**Halldóra Jónsdóttir**
**Jón Ólafur Jónsson**
**Hannesína Rut Guðbjarnardóttir**
**Þorgerður Steinþórsdóttir** **Bjarni F. Garðarsson**
**Jónas Steinþórsson** **Guðrún Gunnlaugsdóttir**
**Þorvarður Ellert Steinþórsson**
**María Steinþórsdóttir** **Ásgeir Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Föðursystir okkar,*

**Ragnheiður Karlsdóttir**
Tjarnarlundi 3f, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 16. október kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Hlíð.

**Karl Haraldsson** **Steingerður Ósk Zóphoníasdóttir**
**Haraldur Haraldsson** **Sigurlaug Bára Jónasdóttir**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Rúnar Guðmannsson**
Grænuhlíð 17, Reykjavík,

lést á Landspítalanum föstudaginn 9. október sl. Útförin auglýst síðar.

**Sjöfn Hafdís Jóhannesdóttir**
**Jón Árni Rúnarsson**
**Jóhannes Rúnarsson** **Lilja Bjarnþórsdóttir**
**Rannveig Rúnarsdóttir** **Kári Tryggvason**
**Sigurður Rúnarsson** **Elín Hallsteinsdóttir**
**og barnabörn.**



*Okkar ástkæri*

**Arthúr Herbert Jónsson**

varð bráðkvaddur þann 7. október síðastliðinn.

**Fjölskylda hins látna.**



*Kær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Haukur Sigurðsson,**
kennari og vegamælingamaður,
Eyktarási 21,

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 12. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðrún Kristinsdóttir**
**Sigurður Þorri Sigurðsson** **Guðrún Elva Arngrímsdóttir**
**Kristinn Rúnar Sigurðsson** **Sigurveig Grímsdóttir**
**Trausti Sigurðsson** **Ingibjörg Jónsdóttir**
**og afabörn.**



*Okkar ástkæri*

**Sveinn Kr. Pétursson**

sem lést á líknardeild LSH í Kópavogi miðvikudaginn 7. október, verður jarðsunginn frá Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 15. október kl. 13.00.

**Guðrún Iðunn Jónsdóttir**
**Gunnar Hrafn Sveinsson**
**Hannes Jón Lárusson** **Elke Zimmermann**
**Jóhanna Björg og Jonathan**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jóhannes Eggertsson**
bóndi, Þorkelshóli, Víðidal,

var bráðkvaddur á heimili sínu laugardaginn 3. október. Útförin fer fram frá Víðidalstungukirkju föstudaginn 16. október kl. 14.00.

**Sigríður Sigvaldadóttir**
**Sigríður Valdís Jóhannesdóttir** **Marteinn Þór Arnar**
**Eggert Jóhannesson** **Alda Mjöll Sveinsdóttir**
**og barnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Guðbjörg K. Arndal**
til heimilis að Austurbyggð 17, Akureyri,

andaðist aðfaranótt 3. október á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 16. október kl. 15.00.

**Kristín Jóhannesdóttir Arndal** **Stígur Sæland**
**Guðrún Jóhannesdóttir**
**Oktavía Jóhannesdóttir** **Karl Ágúst Gunnlaugsson**
**Reynir Reynisson** **Ásta Júlía Theodórsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, amma og unnusta,*

**Sigríður Ólöf Sigurðardóttir**
Jörfagrund 25, Kjalarnesi,

lést á heimili sínu sunnudaginn 4. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 15. október kl. 13.00.

**Sigurður Ólafur Oddsson** **Sandra Dögg Jónsdóttir**
**Sigþrúður Oddsdóttir**
**Jón Oddsson**
**Oddur Már Oddsson**
**Atli Björgvin Oddsson**
**Davíð Trausti Oddsson**
**Gústaf Jóhann Gústafsson**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**

## 4ra manna fjölskylda sem er búsett erlendis og vantar góða íbúð til að eiga á Íslandi.

Íbúðin verður að vera …
- Á höfuðborgarsvæðinu
- Í fjölbýli
- 3ja-4ra herbergja
- Nýleg
- Björt með góðu útsýni
- Bílskýli eða bílskúr

Jarðhæð kemur ekki til greina né eignir með sérinngangi.
Staðgreiðsla í boði



RE/MAX Bær
Malarhöfða 2 110 Reykjavík

*Ásdís Ósk Valsdóttir Löggiltur fasteignasali*
asdis@remax.is - Sími: 863-0402 - 512-3400 - fax 512-3401




# Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




**Allt sem þú þarft...**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.




NOKKUR ORÐ
**Anna Margrét Björnsson**

# *Gotneskur hryllingur – fyrir börn*

Lækkandi sól, kólnandi veður og veturinn langi fram undan bera alltaf með sér ofurlítinn ævintýrablæ. Langir skuggar eftirmiðdagsins, stjörnubjartur himinn og dularfullt tunglsljós sveipar hversdagslega hluti í borginni okkar dálítið undarlegum ljóma og hvað þá þegar keyrt er einhvern spöl út fyrir bæjarmörkin. Fram undan er útlenska hrekkjavökuhátíðin sem mér finnst þó í fína lagi að innleiða á Íslandi. Ungir sem aldnir hafa jú gaman af því að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn í rökkrinu. Um þessar mundir er breska dagblaðið The Guardian að birta afar skemmtilega greinaseríu um ævintýri. Hin klassísku ævintýri hafa alltaf legið sterklega á mínu áhugasviði enda er merkilegt að svona dimmar, gotneskar og skelfilegar sögur skuli í raun og veru eiga erindi við börn. Það gefur augaleið að djúpir Freudískir straumar liggja að baki sagna um sataníska stjúpmæður, ofbeldisfulla feður, prinsa sem breytast í litla froska og prinsessu sem býr með sjö dvergum. Mér stóð ekkert á sama um daginn þegar ég las Hans og Grétu fyrir börnin mín því ég hafði gleymt því hvernig móðirin hræðilega vildi losna við þau og hvernig nornin fitaði drenginn upp í búri áður en hún ætlaði að framkvæma mannát. Börn láta þó fátt hræða sig nú til dags. Í fyrravetur teiknaði dóttir mín teiknimyndasögu í skólanum sem hún sýndi mér stolt. Sagan hét „Svarthetta“ og þar beit Svarthetta úlfinn með beittum vampírutönnum til dauða áður en hann skaðaði nokkurn mann. „Af hverju skrifaðir þú þetta?“ spurði ég hina ungu Angelu Carter, furðu lostin. „Rauðhetta var bara svo leiðinleg,“ var svarið.



# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## > Grindavík og KR spáð meistaratitlum

Samkvæmt árlegri spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna verða Grindavík og KR Íslandsmeistarar í körfubolta á þessari leiktíð. Grindavík er spáð sigri í karlaflokki, Snæfelli öðru sæti og meisturum KR því þriðja. FSu og Breiðablik munu falla samkvæmt spánni. KR er svo spáð sigri í kvennaflokki. Hamar er þar skammt á eftir og Keflavík er spáð þriðja sæti. Njarðvík er langneðst í spánni og Snæfell þar fyrir ofan.



sport

sport@frettabla-

**ÍSLENSKA U-21 LANDSLIÐIÐ:** VANN GÓÐAN 2-1 SIGUR Á NORÐUR-ÍRUM Í GÆR

# *Stefnum eins hátt og við mögulega getum*



Íslenska U-21 landsliðið vann í gær góðan 2-1 sigur á Norður-Írlandi í undankeppni EM 2011. Leikurinn fór fram í Grindavík en þegar þessi lið mættust ytra í síðasta mánuði vann Ísland 6-2 sem er stærsti útisigur liðsins frá upphafi.

Þar með vann liðið sinn þriðja sigur í röð sem hefur aldrei áður gerst. Liðið bætti einnig markamet sitt á föstudagskvöldið þegar Ísland vann 8-0 sigur á San Marínó. Í gær skoruðu Jóhann Berg Guðmundsson (á mynd) og Jósef Kristinn Jósefsson mörk Íslands en þess má einnig geta að Andrés Már Jóhannesson lagði upp bæði mörkin.

Það er því óhætt að segja að liðið hefur fundið sig vel undir stjórn Eyjólfs Sverrissonar sem var ánægður með leik sinna manna.

„Sérstaklega var ég ánægður með útfærslurnar á mörkunum okkar," sagði Eyjólfur. „Þær voru skólabókardæmi um hvernig á að spila sig í gegnum vörn andstæðingsins. Við vorum alltaf að senda boltann á milli bakvarðar og miðvarðar og alltaf með tvo hlaupamöguleika inn í vítateig. Þetta gerðu þeir virkilega vel."

Hann segir þó að sínir menn hafi virkað þungir í byrjun. „Ég hafði það á tilfinningunni að menn væru sumir ekki alveg í standi enda búin að vera veikindi í hópnum. Við vorum hræddir við að halda boltanum og spila honum. Völlurinn var reyndar mjög háll og það gerði okkur erfitt fyrir."

„Við héldum þó áfram og reyndum að vinna okkur betur inn í leikinn. Þetta var erfitt enda Norður-Írar með fínt lið sem erfitt er að spila við."

Eyjólfur segir að markmið liðsins liggi ljós fyrir. „Við stefnum eins hátt og við mögulega getum. Við ætlum að vinna hvern einasta leik. Við erum á góðum róli núna og ætlum ekki að láta neitt stoppa okkur."

Heimamaðurinn Jósef Kristinn var ánægður með markið sem hann skoraði eftir að hann kom inn á sem varamaður í leiknum.

„Þetta var alger draumur í dós. Ég vil auðvitað nýta þau tækifæri sem ég fæ sem allra best og því gott að skora," sagði Jósef. „En það mikilvægasta var auðvitað að vinna leikinn."

# Veigar bjargaði málunum

**Veigar Páll Gunnarsson skoraði eina mark leiks Íslands og Suður-Afríku sem fram fór á Laugardalsvelli í gær. Leikurinn var afar slakur og fátt jákvætt í leik íslenska liðsins. Gestgjafar næsta HM voru sem betur fer svipað lélegir.**

**FÓTBOLTI** Leikur Íslands og Suður-Afríku fer seint í sögubækurnar fyrir mikil gæði og skemmtun. Eina sem hann skilur eftir er sú staðreynd að Ísland vann, 1-0, með marki Veigars Páls Gunnarssonar á 50. mínútu.

Það var ótrúlegt að heyra landsliðsþjálfarann, Ólaf Jóhannesson, tala þetta afríska lið upp fyrir leikinn. Hann sagði liðið spila brasilískan fótbolta og ég veit ekki hvað og hvað. Þeir sem fylgjast með vita aftur á móti að þetta lið hefur varla unnið leik í háa herrans tíð og hefur nú tapað sjö af síðustu átta leikjum sínum. Eini sigurinn kom gegn liði sem er í kringum 140. sæti á FIFA-listanum og hann var naumur.

Þetta suður-afríska lið getur ekki neitt, gæti ekki verið fjarri því að spila brasilískan fótbolta og það sáu rúmlega 3.000 manns í Dalnum í gær.

Þrátt fyrir þá staðreynd voru Suður-Afríkumenn síst lakari aðilinn í gær. Þeir sköpuðu sér ákjósanlegri færi framan af á meðan Íslendingar sköpuðu ekki eitt einasta færi í fyrri hálfleik. Sá hálfleikur var hreinasta hörmung og til skammar fyrir íslenska liðið.

Á fyrstu tíu mínútum síðari hálfleiks sýndi íslenska liðið þann bolta sem það getur spilað og þá kom markið sem skildi liðin að. Hinar 80 mínúturnar voru hreint út sagt lélegar hjá íslenska liðinu. Það skapaði nánast engin færi í leiknum. Framherjar komust ekki mikið í boltann og sendingar af köntunum of fáar og slakar. Miðjuspilið var handónýtt og Suður-Afríkumennirnir réðu lengstum ferðinni þar. Varnarleikurinn var óvenju brothættur og Ísland mátti þakka fyrir að Árni Gautur var í fínu formi í markinu.

Ef Ísland hefði verið að spila gegn betra liði hefði það aldrei unnið leikinn. Það vantaði algjörlega gæðin í liði gestanna til þess að skora þó svo að oft hefðu þeir komist í ákjósanlega stöðu. Ég segi lítið annað en Guð hjálpi þeim á HM. Þar á þetta lið eftir að verða rassskellt.

Ólafur gleðst þó yfir sigrinum enda hefur hann sagt mikilvægt að vinna leiki til þess að auka sjálfstraust leikmanna. Þessi leikur gerir það vonandi fyrir leikmenn. Það er alltaf gott að vinna leiki en þessi sigur var langt frá því að vera fagur. **henry@frettabladid.is**



**SIGURMARKI FAGNAÐ** Veigar Páll tók nokkur sundtök þegar hann fagnaði sigurmarki sínu á Laugardalsvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Ísland 1-0 S. Afríka**

Laugardalsv., áhorf.: 3.253 — Svein O. Moen (4)

*1-0 Veigar Páll Gunnarsson (50.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–12 (3–4) |
| Varin skot | Árni Gautur 4 – Josepths 2 |
| Horn | 3–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–13 |
| Rangstöður | 3–0 |

Ólafur Jóhannesson og Veigar Páll eftir sigurinn á Suður-Afríku í gær:

# Þetta lið á ekki heima á stórmóti

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari viðurkenndi að Suður-Afríka hefði ekki spilað þann brasilíska sambabolta sem hann bjóst við frá því. „Þeir spiluðu nokkuð öðruvísi en það sem við höfðum séð á myndbandsupptökum. Þeir héldu boltanum mjög vel og við vorum í eltingarleik, sérstaklega í fyrri hálfleik," sagði Ólafur eftir leik.

Hann segist þó ekki hafa verið hræddur við lið Suður-Afríku. „Þó að þeir hafi spilað vel á milli sín voru þeir ekkert að ógna mjög mikið. Þeir skutu eitthvað fyrir utan en fengu ekki færi inni í teignum hjá okkur."

Ólafur hrósaði markverðinum Árna Gauti Arasyni sérstaklega. „Við eigum tvo frábæra markmenn og Árni stóð sig feikilega vel. Annars er ég ánægður með vinnusemina hjá leikmönnum, þeir hlupu mikið og vörðust vel. Við vorum búnir að tala um það fyrir leikinn að við þyrftum að gera það. Vörnin hélt síðan mjög vel," sagði Ólafur.



**KULDALEGUR** Landsliðsþjálfarinn varð að klæða sig vel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Veigar Páll Gunnarsson sem skoraði mark Íslands telur sína frammistöðu í gær þó ekki meira en sæmilega. „Mér fannst ég ekki komast inn í leikinn í fyrri hálfleik en í seinni hálfleik fann ég mig betur eins og allt liðið í heild. Þá fórum við að sýna okkar rétta andlit. Svo náði ég að skora sem er mikilvægt fyrir mig og gott fyrir liðið. Gamla góða táin er ekki hætt að virka," sagði Veigar sem fagnaði marki sínu með sundtökum.

„Ég var búinn að lofa félaga mínum að taka þetta fagn. Hann er búinn að vera að nöldra í mér síðustu 10-15 leiki. Ég gleymi því alltaf þegar ég skora en varð að taka það núna."

Veigar gaf mótherjunum annars ekki háa einkunn. „Þeir litu ágætlega út á köflum en voru ekki að gera neitt af viti. Í seinni hálfleik ákváðum við að fara bara á þá. En þetta er ekki lið sem á heima á stórmóti," sagði Veigar. **- egm**


Aðalfundur samtakanna
Umhverfi og vellíðan

Miðvikudaginn 21. október kl 19:30
í Gerðubergi, Reykjavík.

**Dagskrá:**

**Skýrsla** stjórnar um störf félagsins frá stofnfundi
– Auður I Ottesen formaður.

**Erindi:** Skógrækt fyrir líkama og sál
– Sherry Curl skógfræðingur.

**Erindi:** Aðferðafræði til að greina gæði útivistarsvæða innan borgarmarka.
– Kristbjörg Traustadóttir mastersnemi í umhverfissálfræði í SLU Alnarp Svíþjóð.

Kosning í stjórn og varastjórn
Önnur mál .

**Nánari upplýsingar í síma 824 0056** **Stjórnin**



**Skóli - Íþróttir - Tómstundir**
**í Grafarholti og Úlfarsárdal**

**Opinn íbúafundur um menntamál og íþrótta- og tómstundamál í Grafarholti og Úlfarsárdal verður haldinn:**
**í nýbyggingu Sæmundarskóla**
**fimmtudaginn 15. október 2009 kl. 17:30**



**Frummælandi:**
Kjartan Magnússon, formaður menntaráðs og íþrótta- og tómstundaráðs.



**Sjónarmið Íbúa:**
Óttarr Guðlaugsson formaður hverfisráðs.



**Fundarstjóri:**
Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi.

Fjallað verður um skólahald, íþróttir og tómstundamál og farið yfir stöðuna í uppbyggingu skóla- og íþróttamannvirkja í hverfunum. Þá verður kynnt vinna við mótun nýrrar menntastefnu á vegum Reykjavíkurborgar. Að loknum inngangserindum verða umræður með þátttöku íbúa, Ragnars Þorsteinssonar fræðslustjóra í Reykjavík, Ómars Einarssonar framkvæmdastjóra Íþrótta- og tómstundaviðs og Kjartans Ragnarssonar varaformanns Knattspyrnufélagsins Fram.

**Menntasvið**
**Íþrótta- og tómstundasvið**



Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# TÝNDA TÁKNINU STOLIÐ EN HANDRIT STEINUNNAR SLAPP

**Íslenskri þýðingu af Týnda tákninu eftir Dan Brown var stolið úr höfuðstöðvum bókaútgáfunnar Bjarts. Þjófnum tókst ekki að klófesta handrit að nýjustu bók Steinunnar Sigurðardóttur.**

„Það fór nú betur en á horfðist en það var mjög óhuggulegt að koma að þessu svona,“ segir Guðrún Vilmundardóttir hjá bókaútgáfunni Bjarti. Brotist var inn í höfuðstöðvar Bjarts í fyrrinótt og stolið þaðan útprentuðu handriti af íslenskri þýðingu á hinu Týnda tákni Dans Brown sem var tilbúin til prófarkarlesturs. Einnig var nýlegum skanna af gerðinni Canon stolið.

„Ég myndi segja að þetta væri ívið einfaldara plott en hjá Dan Brown,“ segir Guðrún um glæpinn og leiðir að því líkur að þjófurinn hafi einfaldlega verið óþreyjufullur lesandi. „Hann hefur líklega gefist upp á ensku bókinni því þetta er svolítið margbrotið plott um frímúrararegluna, hefðir og siði. Maður þarf að vera sleipur í enskunni til að skilja hana. Hann hefur ákveðið að koma við hjá okkur og taka forskot á sæluna.“

Nokkur fullkláruð handrit að væntanlegum bókum Bjarts voru í tölvu þar sem þjófnaðurinn átti sér stað en henni var ekki stolið, enda gerði Sigfús Már Pétursson, hirðljósmyndari Bjarts, þjófnum bilt við. Í tölvunni var meðal annars fullklárað handrit að væntanlegri bók Steinunnar Sigurðardóttur, Góða elskhuganum. Búið var að gera síðustu lagfæringar á henni og hefði tölvan verið tekin hefðu um fimm vinnudagar farið í súginn. Útgáfa bókarinnar hefði þó ekki frestast, ekki frekar en útgáfa Týnda táknsins sem kemur í verslanir seint í nóvember. freyr@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**BÓKELSKUR ÞJÓFUR** Brotist var inn í höfuðstöðvar Bjarts og stolið þaðan íslenskri þýðingu á Týnda tákninu eftir **Dan Brown. Guðrún Vilmundardóttir** segir að betur hafi farið en á horfðist. Handritið að nýjustu bók **Steinunnar Sigurðardóttur** var í tölvu skammt frá sem var, sem betur fer, látin vera.


NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 9 | kl. 6 og 8 | 10 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6, 9 og 10.10 | 16 |
| FUNNY PEOPLE | kl. 10 | 12 |
| BIONICLE - Íslenskt tal | kl. 6(650 kr.) | L |
| THE UGLY TRUTH | kl. 8 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FAME | kl. 5:50 - 8D - 10:20D | L |
| FAME | kl. 10:20 | VIP |
| ORPHAN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| SURROGATES | kl. 6 - 8 - 10:10 | 12 |
| SURROGATES | kl. 6 - 8 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA | kl. 5 - 6D | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| HAUNTING IN CONNECTICUT | kl. 10:20 | 16 |
| DISTRICT 9 | kl. 8 | 16 |
| BANDSLAM | kl. 5:50 | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TOSCA (ópera) | kl. 18:30 DIGITAL | L |
| FAME | kl. 8:10D - 10:30D | L |
| ORPHAN | kl. 5:40 - 8:10 - 10:20 | 16 |
| SURROGATES | kl. 10:40 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6D | L |
| KRAFTUR | kl. 8D allra síðustu sýningar! | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA | kl 6 | L |
| FAME | kl. 6 - 8 | L |
| MANAGEMENT | kl. 8 | 10 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| 9 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM L | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| BIONICLE ÍSLENSKT TAL | kl. 4 | L |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| ANTICHRIST | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 18 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl.5.45 - 8 | L |
| THE UGLY TRUTH | kl. 10 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| JENNIFER'S BODY | kl. 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |



Mexico Matseðill á miðvikudögum

GEYSIR BISTRO BAR

Gómsætur Mexikanskur matur alla miðvikudaga.

**Forréttir & Smáréttir**
**Starters & Small dishes:**

| | |
|---|---|
| Mexico súpa með nachos<br>Mexico soup with nachos | 895,- |
| Salat með avacado, eggjum og tómötum<br>Salad with avacado, eggs and tomatos | 1695,- |
| Super nachos með kjúkling til að deila með vinum þínum<br>Super nachos with chicken to share with your friends | 1295,- |

**Aðalréttir - Main courses:**

| | |
|---|---|
| Tortilla með nautahakki<br>with ground beef | 1.595,- |
| Quesedillas með skinku og osti<br>with ham and cheese | 1.595,- |
| Quesedillas með sjávarréttum<br>with seafood | 1.895,- |
| Quesedillas með grænmeti<br>with vegetables | 1.495,- |
| Burrito með nautahakki<br>with grounded beef | 1.795,- |
| Taco með kjúkling og fetaosti<br>with chicken and fetacheese | 1.595,- |
| Creolaborgari með pica de gallo, borin fram með salati.<br>Creolaburger with pica de gallo, comes with salad. | 1.395,- |
| Tex mex borgari með guaqamole, salsa og sýrðum rjóma, borin fram með salati.<br>Tex mex burger with guaqamole, salsa and sour cream, comes with salad. | 1.495,- |
| Fiskur dagsins með suðrænum blæ.<br>Catch of the day the tropical way. | 2.245,- |

Geysir Bistro & Bar Aðalstræti 2, 101 Reykjavík, Sími: 517 4300, www.geysirbistrobar.is


ERTU TIL
ÞEGAR Á REYNIR?
Rauði kross Íslands óskar eftir sjálfboðaliðum til aðstoðar þegar áföll verða. Þessi LIÐSAUKI mun efla Rauða krossinn á neyðartímum. Stöndum saman og leggjum okkar af mörkum til að tryggja skjót viðbrögð þegar á reynir. Framlag hvers og eins er dýrmætt. Skráðu þig núna á www.raudikrossinn.is eða í síma 570 4000.
NÝI KAUPÞING BANKI
Er bakhjarl Rauða krossins
Rauði kross Íslands
raudikrossinn.is



> **America Ferrera**

„Það geta ekki allir verið sjónvarpsstjörnur en það geta allir upplifað ást og aðdáun annarra með því að vera góður vinur eða góður fjölskyldumeðlimur.“

***Ferrera leikur Betty í þættinum Ljóta Betty sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 20.20.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR ELSKAR BLÓÐSUGUR

# *Vampírufroðan tröllríður Hollywood*

Ég elska vampírur. Hef gert það frá unga aldri. Man sérstaklega eftir æðinu sem greip um sig þegar Gary Oldman lék Drakúla á tíunda áratugnum og sló í gegn með bláu sólgleraugun sem urðu gríðarlega vinsæl í kjölfarið. Ég skalf af spenningi yfir Interview with the Vampire enda ekki amalegt að horfa á þá félaga Tom Cruise og Brad Pitt í þröngum hnébuxum, blúnduskyrtum og flauelsjökkum. Maður kiknaði beinlínis í hnjánum.

Svo komu myndir á borð við Blade, Underworld, Shadow of the Vampire og Van Helsing sem allar urðu til að auka vampíruáhugann svo og þættir á borð við Buffy the Vampireslayer og Angel sem er afsprengi fyrrnefndu þáttanna.



Nú virðist hálfgert vampíruæði hafa gripið um sig í Hollywood á ný, sér í lagi í kjölfar vinsælda Twilight-bókanna og mynda sem gerðar voru eftir þeim. Bækurnar og myndirnar eiga það þó sameiginlegt að heilla ekki eitilharða vampíruaðdáendur en eru fremur stílaðar inn á óharðnaða unglinga sem elska klisjur og rómantík.

Eitt afsprengi vampírusprengjunnar eru þættirnir True Blood sem sýndir eru á Stöð 2. Innihaldið varð strax til að vekja athygli mína og því tók ég sérstaklega frá tíma til að horfa á fyrsta þáttinn. Ég varð hins vegar fyrir töluverðum vonbrigðum því þrátt fyrir að aðalvampíran sé dularfull, heillandi og myndarleg þá er eitthvað við söguna og leikinn sem stenst ekki fulla skoðun. Hin unga Anna Paquin sem gerði það gott í Óskarsverðlaunamyndinni Piano, er fremur ótrúverðug sem ljóshærður hugsanalesari þó að hún kunni vissulega að öskra, en þannig hafa einmitt fyrstu tveir þættirnir endað. Helst gæti ég líkt þættinum við sápuóperu eða unglingaþátt fyrir utan þá staðreynd að blóðið streymir tíðum.

Annar galli er sá að vondu vampírurnar í þáttunum eru klénar og ég verð að viðurkenna að vampíruvígtennurnar eru ekki nógu fallegar, líkjast fremur kattartönnum sem gerir þessar undirheimaverur hlægilegar en ekki ógnvænlegar eins og þær eiga að vera.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **18.50 England - Hvíta Rússland, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 Spjallið með Sölva** SKJÁREINN



▶ **21.05 Kiljan** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.25 Medium** STÖÐ 2



▶ **21.45 Eldsnöggt með Jóa Fel** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**14.30 Landsleikur í fótbolta** Upptaka frá vináttulandsleik Íslands og Suður-Afríku í fótbolta karla sem fram fór í gær.
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var... Maðurinn** (e)
**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Alvöru dreki.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennablósa sem gefur út tískutímarit í New York.
▶**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Lifandi fæða** (Levande föda) (2:3) Sænsk hrollvekja í þremur þáttum. Miranda fer með vinkonu sinni og bróður hennar í sumarbústað sem hún hefur erft eftir ömmu sína og undarlegir atburðir gerast. Aðalhlutverk: Liselott Berg, Fanny Carlsson, Lena Dahlén, Mia Höglund, Maria Hörnelius og Rasmus Lindgren.
**23.10 Stóra planið** (2:5) (e)
**23.45 Manstu, Frank?** (Dokumentaren: Husker du Frank?) Dönsk heimildamynd um Frank Ørum hálfsextugan fjölskylduföður sem þjáist af sjúkdómi sem eyðileggur smám saman málstöðvarnar í heilanum.
**00.45 Kastljós** (e)
**01.25 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Shopgirl**
**10.00 Batman & Robin**
**12.00 Nancy Drew**
**14.00 Shopgirl**
**16.00 Batman & Robin**
**18.00 Nancy Drew**
**20.00 Little Man**
**22.00 Daltry Calhoun**
**00.00 Sympathy For Mr. Vengeance**
**02.05 The Bone Collector**
**04.00 Daltry Calhoun**
**06.00 Gattaca**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 Auddi og Sveppi**
**10.55 Back To You** (9:17)
**11.20 My Name Is Earl** (19:22)
**11.45 Gilmore Girls**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Aliens in America** (8:18)
**13.25 Sisters** (1:28)
**14.15 E.R.** (12:22)
**15.00 The O.C. 2** (17:24)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Stóra teiknimyndastundin og Dynkur smáeðla.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (25:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (10:23)
**19.45 Two and a Half Men** (2:24)
**20.10 Gossip Girl** (2:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**20.55 Ástríður** (9:12)
▶**21.25 Medium** (9:19) Allison Dubois sér í draumum sínum skelfilega atburði sem enn hafa ekki átt sér stað.
**22.10 True Blood** (4:12) Ung gengilbeina fellur fyrir myndarlegum manni sem reynist vera vampíra. Sjálf býr hún yfir yfirnáttúrulegum hæfileikum því hún getur lesið hugsanir.
**23.00 Sex and the City** (10:18)
**23.30 In Treatment** (22:43)
**00.00 Big Love** (5:10)
**00.55 Eleventh Hour** (12:18)
**01.40 E.R.** (12:22)
**02.25 Sjáðu**
**02.55 National Lampoon's Dorm Daze**
**04.30 Medium** (9:19)
**05.15 Ástríður** (9:12)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.55 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.
**17.25 Presidents Cup 2009: Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum í Forsetabikarnum í golfi sem fram fór helgina 8.-11. október en þangað mættu til leiks flestir af bestu kylfingum heims.
**18.20 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
▶**18.50 England - Hvíta Rússland** Bein útsending frá leik í undankeppni HM.
**20.50 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**21.50 Úrúgvæ - Argentína** Bein útsending frá leik í undankeppni HM.
**23.55 Brasilía - Venezuela** Bein útsending frá leik í undankeppni HM.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.50 2005/2006** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**18.45 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**19.40 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**20.35 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**21.05 Liverpool - Burnley** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.45 Tottenham - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.05 Skemmtigarðurinn** (4:8) (e)
**08.00 Dynasty** (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Skemmtigarðurinn** (4:8) (e)
**12.55 Pepsi MAX tónlist**
**18.30 Dynasty** Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.
**19.20 Nýtt útlit** (3:10) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit. (e)
▶**20.10 Spjallið með Sölva** (4:13) Umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr.
**21.00 She's Got The Look** (6:6) Þáttaröð þar sem kvenleg fegurð fær að njóta sín. Í þessari fyrirsætukeppni fá lífsreyndar og þroskaðar konur að sýna sig og sanna. Aldurstakmarkið er 35 ára og sumar þeirra hafa áður reynt fyrir sér sem fyrirsætur á meðan aðrar eru heimavinnandi húsmæður sem hefur dreymt um að sitja fyrir á forsíðum tískublaða.
**21.50 Secret Diary Of A Call Girl** (8:8) Það er komið að lokaþættinum. Belle og Alex ákveða að gefa sambandinu annað tækifæri en getur hún hætt í vændinu? Stephanie er með tilboð sem Belle á erfitt með að hafna.
**22.20 Californication** (8:12) (e)
**22.55 The Jay Leno Show** Spjallþáttakóngurinn Jay Leno tekur á móti góðum gestum og slær á létta strengi.
**23.45 Law & Order: Criminal Intent** (21:22) (e)
**00.35 The Contender Muay Thai** (e)
**01.25 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir ræðir um málefni borgarinnar.
**20.30 Íslands safarí** Akeem R. Oppang ræðir um málefni innflytjenda á Íslandi.
**21.00 Hestafréttir** Þáttur um hestamennsku á Íslandi í umsjón Fjölnis Þorgeirssonar.
**21.30 Björn Bjarna** Björn Bjarnason ræðir við gest sinn um málefni allra landsmanna.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# POPP

## Sendu okkur símamynd!




**POPP er nýtt fylgirit Fréttablaðsins og kemur út mánaðarlega.**
**Við viljum að þið sendið okkur klikkuðustu símamyndirnar ykkar.**

**Bestu myndirnar birtast í næsta tölublaði og höfundur bestu myndarinnar fær tvo kassa af Doritos í verðlaun.**

**Sendið myndirnar í síma: 696 POPP (696 7677) eða á popp@frettabladid.is**




vodafone

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.55**

### Ástríður



Heilbrigð samkeppni ríkir á öllum vinnustöðum. Sveini Torfa finnst þó eins og einhver sé að keppa við hann um hylli Ástríðar. Er það misskilningur? Ástríður er rómantísk gamanþáttaröð um unga konu sem ræður sig til vinnu hjá fjármálafyrirtæki korteri fyrir hrun þegar allt er auðvitað að gerast en um leið ekki neitt. En þótt Ástríði reynist erfitt að fóta sig í hörðum heimi viðskiptalífsins þá gengur henni enn verr í mun harðari heimi ástalífsins. Með aðalhlutverk fer Ilmur Kristjánsdóttir.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Argentína - Úrúgvæ, beint

**Stöð 2 Sport kl. 21.50**

Það ræðst í kvöld hvort Argentína tryggir sér sæti á HM í Suður-Ameríku á næsta ári. Liðið mætir erkifjendum og nágrönnum sínum frá Úrúgvæ og er óhætt að fullyrða að von sé á hörkuspennandi leik þar sem sigurvegarinn tryggir sér HM-sætið. Úrúgvæ hefur nú 24 stig en Argentína, sem hefur gengið illa undir stjórn Diego Maradona, er með 25 stig.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.05** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Orð skulu standa
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn
**15.25** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Ástarsögur af rithöfundum
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.00** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (24:26) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (25:26)
**17.30 Gilmore Girls**
**18.15 Seinfeld** (5:24)
**18.45 Doctors** (24:26)
**19.15 Doctors** (25:26)
**19.45 Gilmore Girls** Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory.
**20.30 Seinfeld** (5:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
▶ **21.45 Eldsnöggt með Jóa Fel** (2:10) Í þessari þáttaröð mun sjónvarpskokkurinn og bakarameistarinn Jói Fel sýna okkur hvernig elda á hollan og heimilislegan mat af hjartans lyst.
**22.15 Chuck** (6:22) Chuck lifði frekar óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.
**23.00 Burn Notice** (6:16) Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda.
**23.45 Fangavaktin** (3:8)
**00.15 Modern Toss** (1:6)
**00.40 Fréttir Stöðvar 2**
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** Blackadder II **12.30** Only Fools and Horses **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** Blackadder II **15.15** Only Fools and Horses **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **18.30** Coupling **19.00** Little Britain **19.30** Absolutely Fabulous **20.00** The Innocence Project **20.55** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **21.25** Coupling **21.55** Little Britain **22.25** Absolutely Fabulous **22.55** EastEnders **23.25** The Weakest Link

## DR 1

**12.00** Landsbyhospitalet **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Pigerne Mod Drengene **14.30** Braceface **14.50** Hojspændingsmanden og Robotdrengene **15.00** ICarly **15.20** Den lyserode panter **15.30** Der var engang.... **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** DR1 Dokumentaren **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Taggart **21.10** OBS **21.15** Onsdags Lotto **21.20** Danskere i krig **21.50** VM Taekwondo **22.20** Backstage **22.50** Seinfeld **23.10** Boogie Mix

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Naboer **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Doktor Åsa **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Olivia **16.10** Ugler i mosen **16.30** Plipp, Plopp og Plomma **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** House **20.30** Queendom. Alle snakker norsk **20.55** TV-aksjonen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** True Blood **22.35** Skavlan **23.35** Du skal høre mye jukeboks

## SVT 1

**12.35** Nattmänniskan **13.55** Fem minuter för Världens Barn **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Älskade, hatade förort **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Fem minuter för Världens Barn **19.05** Livvakterna **20.05** True Blood **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Livet i Fagervik **22.00** Den stora resan **23.00** Kriminaljouren **23.45** Dina frågor - om pengar





# Jólahlaðborð á Hótel Örk









**Nú fer hver að verða síðastur að panta pláss á okkar sívinsæla jólahlaðborði.**

- Opinn bar og lifandi tónlist að borðhaldi loknu
- Tilvalið fyrir fyrirtæki, hópa, pör og einstaklinga
- Við gerum stærri hópum sértilboð

Farðu inn á **jolahladbord.is** til að skoða matseðilinn, fá nánari upplýsingar og panta.

**Föstudagur:**
Léttur píanóundirleikur með matnum og trúbador fram eftir kvöldi.
Borðhald og skemmtun: 5.900.-
Gisting, borðhald og skemmtun 10.900,- krónur á mann í tvíbýli.

**Laugardagur:**
Stórsöngvararnir og skemmtikraftarnir í duett.is sjá um veislustjórn af sinni alkunnu snilld.
Að borðhaldi loknu slær hljómsveitin Sölvarnir upp balli
Borðhald og skemmtun: 6.900.-
Gisting, borðhald og skemmtun 11.900,- krónur á mann í tvíbýli.

**Hótel Örk - Breiðumörk 1c - Hveragerði - Sími 483-4700 - Fax 483-4775 - hotel-ork.is**

**HÓTEL ÖRK**

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Þegar maður vill dekra við sig á sunnudegi þá eru það klárlega heitu kjúklingavængirnir á Ruby Tuesday. Svo þykja mér borgararnir á Vitabar alveg einstakir og núðlusúpan á Asíu stendur alltaf fyrir sínu.“*

Gylfi Blöndal, tengiliður listamanna á Gogoyoko og skipuleggjandi á Sódómu Reykjavík.

# Is It True? kosið besta lag áratugarins

„Ég fékk þessar fréttir í gær, þær komu skemmtilega á óvart,“ segir Óskar Páll Sveinsson, silfurlagahöfundur með meiru. Íslenska Eurovision-lagið Is It True? heldur áfram sigurför sinni um Eurovisionheiminn því það var kosið lag áratugarins í netkosningu á aðdáendasíðunni esctoday.com sem er sú vinsælasta í þessum bransa. Í öðru sæti varð serbneska lagið Molitva með söngkonunni Mariju Serifovic og Rändajad frá Eistlandi hafnaði í því þriðja. Athygli vekur að norski hjartaknúsarinn Alexander Rybak kemst ekki á lista yfir 25 bestu Eurovision-lög áratugarins en hann sigraði með miklum yfirburðum í Moskvu fyrr á þessu ári.

Óskar hefur annars verið í fríi frá tónlistinni í allt sumar því laxveiðin hefur átt hug hans og hjarta. „Ég vinn inni á veturna en er í útivinnu á sumrin,“ segir Óskar, sem var meðal annars leiðsögumaður í Norðurá, Laxá í Kjós og Selá í Vopnafirði. Nú þegar farið er að skyggja tekur tónlistin aftur við og lagahöfundurinn hyggst meðal annars vera með í Eurovision-keppni Sjónvarpsins í ár. Hann þurfti reyndar ekki, sem sigurvegari síðasta árs, að taka þátt í undankeppninni og segir lag sitt því ekki fullmótað. „En annars ætti maður náttúrlega bara að hætta núna, eftir að hafa samið lag áratugarins, leiðin getur vart annað en legið niður á við eftir það,“ grínast hann með. „Maður er bara aðeins of ungur og vitlaus til þess.“ - fgg



**LAG ÁRATUGARINS** Eurovision-njörðarnir á Esctoday.com kusu íslenska lagið Is It True? eftir Óskar Pál með Jóhönnu Guðrúnu besta lag áratugarins í þessari vinsælu keppni.



**LÁRÉTT**
**2.** spjall, **6.** átt, **8.** spíra, **9.** gljúfur, **11.** æst, **12.** einkennis, **14.** létt hlaup, **16.** tveir eins, **17.** útsæði, **18.** harðæri, **20.** ólæti, **21.** malargryfja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** nýja, **3.** í röð, **4.** ofbjóða, **5.** mælieining, **7.** deilur, **10.** yfirbreiðsla, **13.** hrós, **15.** gleðja, **16.** stækkaði, **19.** ullarflóki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** nv, **8.** ála, **9.** gil, **11.** ór, **12.** aðals, **14.** skokk, **16.** jj, **17.** fræ, **18.** óár, **20.** at, **21.** krús.
**LÓÐRÉTT: 1.** unga, **3.** að, **4.** blöskra, **5.** bar, **7.** viðsjár, **10.** lak, **13.** lof, **15.** kæta, **16.** jók, **19.** rú.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 10

1. 79,1 prósent.
2. 85 milljörðum.
3. Kaj Leo Johannesen.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

LEIFUR B. DAGFINNSSON: ÁHERSLA Á SNJÓ OG JÖKLA Í MYNDBANDINU

# WESTLIFE Á LEIÐ TIL ÍSLANDS

„Þeir ætla að hafa svona snjóáherslur í myndbandinu, jökla og ísjaka,“ segir Leifur B. Dagfinnsson hjá framleiðslufyrirtækinu True North. Írska strákasveitin Westlife er væntanleg til landsins um helgina í þeim erindagjörðum að taka upp myndband við nýtt lag. True North mun sjá um tökurnar hér en Leifur segir ekki ljóst hversu stórt myndbandið sé í sniðum. Að öllum líkindum verði það þó tekið upp í kringum Jökulsárlón þar sem fjölmargar erlendar auglýsingar, myndbönd og kvikmyndir hafa verið gerð.

Karlarnir í Westlife hafa vafalítið ekki gert sér grein fyrir því að þeir gætu ekki hafa valið sér betri tímasetningu því í dag hefst tónlistarhátíðin Airwaves og stendur fram yfir helgi. Helstu skemmtistaðir borgarinnar verða því þéttsetnir af fólki sem hefur reyndar annan tónlistarsmekk en Westlife stendur fyrir. Þeir ættu þó að geta fundið sér tíma til að kíkja aðeins á tónleikahaldið þótt Leifur segi að heimsóknin muni verða stutt. „Þeir koma degi áður en tökurnar hefjast og fara strax á sunnudagsmorgun.“ Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu Westlife-piltarnir ætla að gista á 101 Hóteli í miðborg Reykjavíkur, eins og flestar þær stórstjörnur sem hingað koma.

Westlife er hvergi nærri búin að gefa upp öndina þrátt fyrir að fjölmargir hafi haldið það. Þeir Nicky Byrne, Kian Egan, Mark Feehily og Shane Filan, sem skipa sveitina, eru nefnilega í fullu fjöri. Sveitin hefur slegið fleiri met en margan grunar, hún er í þriðja sæti yfir þá tónlistarmenn í Bretlandi sem hafa komið flestum smáskífum á toppinn þar í landi, eða alls fjórtán. Aðeins Elvis Presley og Bítlarnir státa af betri árangri. Ný plata Westlife er væntanleg 30. nóvember og hyggst sveitin fylgja henni eftir með miklu tónleikaferðalagi.

freyrgigja@frettabladid.is



**Í FULLU FJÖRI** Strákarnir í Westlife eru væntanlegir til Íslands um helgina til að taka upp myndband við nýtt lag. Sveitin er ein sú vinsælasta í Bretlandi. NORDICPHOTOS/AFP

## BRESKIR POPPARAR KYNNAST ÍSLANDI

Breskir popparar og poppdívur kunna vel að meta Ísland og íslenskt landslag. **Mel C** nýtti sér hið íslenska „góðan daginn“ í myndbandi sínu við lagið Never Be the Same Again. Nokkrar senur voru teknar upp hér á landi en söngkonan kom aldrei sjálf. Strákahljómsveitargoðin í **Take That** voru við Reykjanesvita fyrir þremur árum og gerðu myndband við lagið Patience.

Fyrr á þessu ári var síðan breski hjartaknúsarinn **James Morrison** í sömu erindagjörðum og tók upp nokkrar senur í Vík í Mýrdal, Bláa lóninu og víðar. Til gamans má svo geta að **Brian McFadden**, einn af upphaflegum meðlimum í Westlife, tók upp myndband hér á Íslandi fyrir allmörgum árum þegar hans sólóferill hófst.



TAKE THAT

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Liðsmenn íslenska landsliðsins í knattspyrnu undirbjuggu sig á heldur óvenjulegan hátt fyrir leik sinn gegn Suður-Afríku sem var háður á Laugardalsvelli í gær. Kvöldið fyrir leik skelltu þeir sér í bíó á uppvakningamyndina Zombieland og skemmtu sér hið besta yfir hasarnum. Á meðal þeirra sem mættu í fagurbláum landsliðsgallanum voru **Grétar Rafn Steinsson**, leikmaður enskaúrvalsdeildarliðsins Bolton, og Ólafur Ingi Skúlason, leikmaður Helsingborg.



Hins vegar sást **Eiður Smári Guðjohnsen** hvergi í salnum. Eiður hefur líklega kosið að létta aðeins sína lund enda hefur ferillinn með Monaco í Frakklandi ekki alveg náð því flugi sem vonir stóðu til. Zombieland hefur því ekki heillað og Eiður kaus eflaust frekar að sjá vin sinn Sveppa fara á kostum í hinni vinsælu Algjör Sveppi sem 23 þúsund Íslendingar hafa séð að undanförnu.



Hinn skeleggi gagnrýnandi og blaðamaður **David Fricke** frá Rolling Stone hefur verið fastagestur á Airwaves-hátíðinni undanfarin ár. Hann hefur ekkert verið spar á að hrósa íslenskum hljómsveitum. Nú ber hins vegar svo við að Fricke kemst ekki í ár vegna anna og er alveg miður sín yfir þeim örlögum sínum. Og því miður fyrir Airwaves ákvað tímaritið að senda ekki annan mann í staðinn.

- fb, fgg





# Lífvarðanám kostar 400 þúsund

„Þótt allir viti kannski ekki af því þá eru alltaf einhverjir með lífverði og við höfum alveg fundið fyrir vaxandi þörf á þessari þjónustu eftir bankahrunið,“ segir Stefán Stefánsson hjá Öryggisvarðaskólanum.

Auglýsingar frá skólanum hafa vakið athygli en þar er boðið upp á fyrsta „opinbera“ lífvarðanámskeiðið á Íslandi. Að sögn Stefáns koma hingað til lands fjórir breskir lífverðir frá National Security College en námskeiðið verður mjög krefjandi. Allt sem góður lífvörður þarf að kunna verður í kennslubókunum, þar á meðal meðferð skotvopna, skyndihjálp og akstur; hvernig eigi til að mynda að komast undan. Þeir sem klára námskeiðið eiga síðan möguleika á að fá verkefni hjá Terr Security en það fyrirtæki er með starfsemi um allan heim.

En það er ekki ókeypis að læra að verða lífvörður því námskeiðið kostar 400 þúsund krónur. Stefán segir inntökuskilyrðin þau að menn séu þokkalega á sig komnir líkamlega og andlega, hafi gott vald á enskri tungu og séu með hreint sakavottorð. Hann bætir því við að íslenskur lífvörður muni setjast niður með umsækjendum og ræða við þá þannig að allir séu meðvitaðir um hvað þeir séu að fara út í.

Stefán segir fjölmarga hafa sett sig í samband við hann. Nokkrar konur hafi þegar skráð sig á námskeiðið og það hafi komið honum á óvart. „Reyndar kemur það manni bara í opna skjöldu hversu margir hafa áhuga.“ Áhugasamir geta kynnt sér málið á heimasíðu Öryggisvarðaskólans, ovskoli.is.

- fgg



**KENNA LÍFVÖRÐUM** Stefán Stefánsson og Einar Haraldsson, einn reyndasti lífvörður landsins, bjóða fólki að læra til lífvarðar á stífu námskeiði Öryggisvarðaskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tilboðsdagar TENGI




Ifö Next sturtuklefi 80x80
Tilboð kr. **99.900,-**

Allar baðinnréttingar á 35% afsl.



Sphinx salerni + seta
verð áður kr. 43.385,-
Tilboð kr. **19.800-**



Mora eldhústæki
Verð áður kr.17.704,-
Tilboð kr. **9.960,-**



Intra Horizon stálvaskar
Verð áður kr. 52.814,-
Tilboð kr. **39.900,-**



Mora Cera baðtæki
Verð áður kr. 42.140,-
Tilboð kr. **24.900,-**



Mora Cera sturtut. M/niðurst.
Verð áður kr. 27.613,-
Tilboð kr.**17.430,-**



Mora handlaugartæki
verð áður kr. 17.014,-
Tilboð kr. **9.960,-**

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www. tengi.is • tengi@tengi.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**







**BAKÞANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

## *Tilboð: Nóbel á raðgreiðslum*

Sæll Obbi og til hamingju með Nóbelinn. Þetta bréf er nú eins og hálfgert flöskuskeyti þar sem ég geri mér litlar vonir um að það rati í gegnum öldurót heimsins og í þínar hendur. En við Íslendingar erum yfirmóta bjartsýnir svo ég leyfi mér að gæla við þá hugsun að þetta bréf finni þig í fjöru.

**MIG** langaði að segja þér að ég hef einu sinni fengið heila bifreið án þess að hafa unnið fyrir henni. Það var auðsótt mál í eina tíð á Íslandi. Ég skrifaði bara upp á pappíra sem skjalfestu að ég myndi borga þó nokkur dagsverk á mánuði og meðan ég gerði svo gat ég rúntað á Skódanum „mínum“ eins og mig lysti.

**ÞESSI** raðgreiðsluþjónusta hefur síðan átt nokkuð undir högg að sækja í kreppunni en nú blæs aldeilis byrlega fyrir þeim sem kunna að meta hana þegar hægt er að fá friðarverðlaun Nóbels fyrir fram. Ég veit ekki hvað þér og Norsurunum í Nóbelsnefndinni fór á milli en ég ímynda mér að verðlaunin kosti ótal góðverk. Ég og mínir líkar þurftum að borga heilmikla vexti með raðgreiðslunum svo ég rétt vona að Nóbelselítan hafi haft það í huga þegar þú verður inntur eftir góðverkunum.

**SÚ** staðreynd að búið sé að innleiða raðgreiðsluþjónustuna í pólitíkina býður upp á ótal möguleika nú þegar góð ráð eru orðin rándýr. Til að mynda getur Steingrímur J. leitað lags og veitt Ögmundi viðurkenningu fyrir að veita Icesave-samningunum brautargengi. Þá verður Ömmi að vinna fyrir viðurkenningunni vilji hann ekki verða að óreiðumanni, það er að segja ef notast er við skilgreiningu ömmu Davíðs Oddssonar.

**EN** kannski verður þetta ekkert svo voðalega dýrt fyrir þig, Obbi. Kannski líta Norðmennirnir þannig á að það sé nóg fyrir þig að vera svona miklu skárri fyrir heiminn en forveri þinn reyndist vera. Síðan virðast þeir líka vera ginnkeyptir fyrir skjótkeyptum Nóbel. Sri Chinmoy lést til dæmis án þess að fá slík verðlaun þótt hann hefði tileinkað allt sitt líf baráttu fyrir friði. Lifði hann í samræmi við það sem hann predikaði, sem afrek hans á hinum ýmsu sviðum, bækur hans og upptökur eru til vitnis um. Hann lést árið 2007, sama ár og Al Gore og vinnuhópur hans fékk Nóbelinn fyrir vel heppnað markaðsátak.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 14. október 2009, 287. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.15 | 13.14 | 18.11 |
| Akureyri | 8.05 | 12.58 | 17.51 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

